




Boðsrit Bessastada skóla

1840

Odyssea 17-20 bók







Skóla = Wátid

i minningu

Sæðingar = dags

við allra nándugasta Konungs

Fridriks Sjötta,

þann 28da Janúarii 1840,

er haldin verður þann 2. Febrúarii 1840,

boðud af

Kennurum Bessastada Skóla.

Seytjándá, átjándá, nírtjándá og tuttugt
asta bótt af

Homeri Odyssea,

á íslensku útlagðar af


Sveinbirni Egilsyni, Adjúntti.

Lundóla Hasafn

Videyar Klaustri,

Prentað á kostnað Bessastada Skóla.

1840.



Odysseifs drápa.

Seytjándi bók.

Suntak: Telemachus vísar fædur sínum til borgarinnar, fer þágang sjálfur, veilsar móður sinni, fer svo út á torg að taka móti Teóclýmenus, gæsti sínum. Leidir hann heim og heldur honum veizlu; að þeirri veizlu segir hann móður sinni frá ferðalagi sínu, en Teóclýmenus spáir heimkomu Odysseifi. Eumens fylgir Odysseifi til borgarinnar; þeir mæta geitahirðinum Melantius, sem atyrdir Eumens og misþýdur Odysseifi. Þegar þeir koma að helli inni, deyr Argus, hundur Odysseifs, þegar hann þeckir húsbónda sinn. Odysseifur gengur inn í hollina, hvor bidlarnir sitja að veizlu, bidur þá elmusu, og gefa honum margir, en Antínóus leggur á móti honum, og fastar í hann fótstæmli. Penelopa gerir bod þessum fœrukarli að sinna sig, en hann segist muni tala við hana síðar. Eumens fer aftur heim til sínum fæddid.

Ná er hún árborna, rósfíngraða Morgunþýða kom í ljós, þá batt Telemachus, hinn ástfólgni sonur þess

ágata Odysseifs, fagra ilflo undir satur sér, og tók í hönd sér sterkt spjót, sem honum var greiphæst, lét honum nú hugur á að komast til borgarinnar. Hann talaði þá til síns svínahirðs: eg ætla nú til borgarinnar, faðir sæll, svo móðir mín fái að sjá mig; því eg býst ekki vild, að hún láti fyrir af þeim harmsfulla gráti og táruga trega, en hún hefir litid mig angum. En fyrir eitt vil eg biðja þig: þú skalt fylgja gesti hinum versæla til borgarinnar, svo hann geti sníkt sér þar út málverð, mun þá hvær, sem vilja hefir til, vífja honum brandbita og vínþopa; en sjálfur er eg með augnu móti til far að veita hvorjum manni ásjá, þar sem svo stórar hugraunir ama mér. Láti gesturinn sér þykja þetta, mun hann sjálfur hafa verra þar af; það er vandi minn, að segja eins og mér býr í brjósti. Þinn ráðsvinni Odysseifur svaraði honum og sagði: eg gef þá ekki heldur um, vinur, að dvelja hér lengur; það er betra fyrir mig, fátækur manni, að biðja mér matar í borginni, en á landsbyggðinni: því þar mun hvær greidvikiinn maður vífja mér einhverju; eg er nú, hvort sem heldur er, ordinn of gamall til þess að vera á útþúum og gegna öllu því, sem ráðsmadurinn kann fyrir mig að leggja. Far þú! madurinn þarna, sem þú til nefndir, skal fylgja mér, undir eins og eg er búinn að orna mér við eldinn, og mér er farid að hlýna. Þar eru ekki ferlegar, flúrnar, sem eg er í; eg er hræddur um, að eg verði innkúlfa af morgunhelunni, því þér segid, að hédan sé lángur vegur til borgarinnar.

Þá hann hafði þetta sagt, gekk Telemakkus út úr bænum; hann hvatti sporid, því hann hafði hug á að gera biðlunum eitthvað illt. En er hann kom til hallarinnar, reisti hann spjót sitt upp við þá háfu stöð,

gekk svo inn og steig yfir steinþrostuldinn. Þóstran Þryklea var þá að breiða feldi á þau haglega smíðudu háfari, hún sá hann fyrst af öllum, og gekk grátandi á móti honum; síðan sáfandust þernur hins þrautgóða Odysseifs í kringum hann, sögundu honum, og kystu hofud hans og herðar. Því næst gekk hin vitra Penelope út úr kvennasalnum, var hún líf Artemis eða hinni gullföggu Afrodítu; hún umfadmadi sinn kára son báðum höndum grátandi, kysti hofud hans og bæði hans föggu augu, og taladi harmandi til hans stjótum orðum: þar ertu kominn, Telemakkus, elskulíf mitt! Eg hugfadi, að eg mundi ekki sjá þig framar, síðan þú sigldir til Pýlusborgar, leyndlega og móti vilja mínum, til að spyrjast fyrir um fædur þinn. Vát nú sjá, segdu mér, hvørs þú ert orðinn vífari. É á greindi Telemakkus svaradi henni: veltu ekki upp aptur harma mína, móðir mín, og fœyktu ekki á mig hugarsorg í brjosti mínu, enn þótt eg hafi undan stýrt þersýnilegum lífsháða. Taktu heldur lang, og far í hrein klæði, og heit á alla gudina, að sórna þeim fullkomnum hundradsfórnum, ef Seifur lætur þér andid verða að hefua harma þína. Sjálfur ætla eg að ganga út á torg til að bjóða heim gesti þeim, sem mér varð samferða hingat frá Pýlusborg; eg sendi hann á undan mér með mínum ágætum fœrunautum, og bað Píreus að hafa hann heim með sér, og gera til hans vel og samilega, þar til eg kæmi. Þannig mælti hann, en hún gaf stad orðum hans; hún langaði sig, fór í hrein klæði, og hét á alla gudina, að hún skyldi sórna fullkomnum hundradsfórnum, ef Seifur léti henni andnast að reka harma sína.

Því næst gekk Telemakkus út úr herberginu, hann héldi á spjóti sínu, og hinir fœthvotn hundar fylgdu

honum. Þá brá Atena yfir hann slífri forklunnar segurð, að allur lýður stardi á hann með undrun. Þá er hann kom á mótið. Þeir djarsamannlegu bidlar þyrptust í kríngum hann, þeir töldu vinalega, en bjuggu yfir illu í hjörtum sínum. Hann fordadið þann mikla bidlasög, en fór heldur þángad sem þeir sátu, Mentor og Antífus og Saliterfes, er voru aldavinir södur hans, og settist hjá þeim, og spurdu þeir hann vandlega tíðinda. Þinn spjórsmið Pireus kom þar til þeirra, hafði hann fylgt gættinu um borgina og á torgi; lét Telemakkus þá ekki líða á laungu, áður hann gekk á fund gestsins; taladi Pireus þá til hans að fyrri bragði: Telemakkus, sendu sljótt einhverjar af þerum þínum helm til mín, svo eg geti skilad þér gjöfum þeim, er Menelás gaf þér. Þinn greindi Telemakkus svaradi honum: Vid vitum ekki, Pireus, hvornig þessi mál líkast. Þari svo, að þiur djarsamannlegu bidlar myrði mig í hollinu, og skipi með sér öllum söduræfi mínum, þá vil eg heldur, að þú haldir fénu og njótir þess, en að nokkur bidlanna fái það. En ef svo fer, að eg fái unnid þeim búa og fjörtjón, þá er mér þótt á, ef þú vilt svo vel gjöra og færa til mín gjafirnar til hallarluvar. Að því mæltu leiddi hann hinn rannamædda gest heim til sín. En er þeir komu í hollina, lögðu þeir yfirhafnir sínar á legubekkina og hástölanu, stigu síðan niður í fogur langarfer, og langadu sig. En er ambáttirnar höfðu langað þá og snurt með vidsmjör, lögðu þær yfir þá þylkvar yfirhafnir og kyrtla; stigu þeir svo upp úr laugiani, og settust á legubekkina. Þá kom herbergismey með handlangar vatn í fogri vatnskõnnu af gulli, sem stóð á silfurfati, hún hetti vatninn á hendur þeim, að þeir þvæði sér, setti svo hjá þeim fágad bórð.

Eii heidvirda matselja kom með braud, og lagði það á
 borðid, hún bar og fram margskonar rétti, og veitti sú:
 lega það sem til var. Móðir Telemakkusar sat gagn:
 vart honum á legubekk við dýrustaf herbergisins, og var
 að spinna smábænd. Þeir tóku nú til þess tilreiðda
 matar, er fram var settur; en er þeir höfðu sáðt lóft
 sína á mat og drykk, tók hún vitra Penelopa svo til
 máls: Eg ætla nú, Telemakkus, að fara upp á loft,
 og leggjast í hvílu mína, sem orðin er mér að sorgar:
 säng, og hefir báðagt í tárum mínum, ávallt síðan að
 Odysseifur fór til Ílusborgar með Atreifesönum; þú
 ætlar ekki, hvort sem heldur er, að segja mér glögglega,
 hvort þú hefir fengid nokkurstadar fregn um heimför
 föður þíns, fyrr en þeir djarslegu bidlar koma inn í stof:
 una. Hinn greindi Telemakkus svaraði henni: Eg skal
 nú segja þér satt þar frá, móðir mín! Vör sórum til
 Þýlusborgar, og komum til Þjóðhöfðingjans Nestors;
 hann hósti mig í sinni háfu höll, og tók mér ástamlega,
 eins og faðir mundi syni sínum, nýkomnum frá útlönd:
 um eptir lánga burtuvið; eins ástúðlegar viðtökur veitti
 hann mér, og hans frægu synir. Þó fortók hann, að
 hann hefði nokkura fregn fengid af nokkrunum lifanda
 manni um hinn þolgóða Odysseif, lífs eða líðinn.
 En hann fékk mér hesta og sterkan vagn, og lét fylgja
 mér til Atreifesonar, hins spjótsíma Menelæis. Þar
 sá eg Helenu hina Argísku, sökum hvörrar Argíar og
 Trójumenn höfðu margar þrautir þolad, að ráðstöfun
 gudanna. Hinn rómsterki Menelæis spurði mig þegar,
 hvorra erinda eg væri kominn til ennar helgu Lakede:
 monar, en eg sagði honum allt, sem var; talaði hann
 þá til mín þessum orðum, og sagði: Mikil er til þess
 að vita, að menn þessir sem sjálfir eru þreklausir, stuli

hafa bragðað að leggjast í rekkju þess manns, sem reyndur er að því, að hann hefir hardan karlmanns hug! Það mun fara fyrir þeim, eins og fyrir hind þeirri, er leggur niðurná kálfa sína, sem enn þá eru á spennum, í bæti hlús sterka ljóns, ráfar síðan á beit um heidar og grófuga ásdali, en eytir á kemur ljónid í bæti sitt, tekur báða kálfa, og veitir þeim grimman dauðdaga. Eins mun fara fyrir bidlunum, að Odysseifur mun veita þeim grimman dauðdaga. Þadit Seifur og Atena og Appollon! eg vildi óska, að hann Odysseifur væri nú kominn á fund bidlanna, og væri núna eins og hann var forðum, þegar hann gekk til leiks í hinu sögru Lesbey, og glímdi kappglinnum við Silomelusson, og feldi hann af fræptum, svo allir Atkear urðu alls hugsar segur; þá mundu allir bidlarnir verða flammilífr, og giptingin þeirra fara raunalega. En hvað því viðvitiur, sem þú spyr mig um og bidur mig að segja þér, þá skal eg ekki segja þér annað en það, sem er, og ekki halla sögu minni eða leida þig í viku, heldur segja þér það, sem hinn samfróði sjáfarólbúngur sagði mér, og aungvu orði þar af leynd. Hann kvaddi seld hafa Odysseif í þúngum raunum á einni ey í hinum Landi vættar nokkurrar, Kalýpsóar, sem heldur honum hjá sér naðugum, en hann getur ekki komist hein til síns fædurlands, þar hann hefir eingin árþíni skip eða ræðara, sem geti flutt hann yfir þann breiða sjóarflöt. Evi mælti Atreífason, hinn spjórfimi Menelás. En er eg hafði aflófid erindi mínu, fór eg heimleidis aptur, gáfu hinir óðandlegu gudir mér bót, og greiddu fljótt fór mína til míns færa fædurlands. Evi mælti hann, en heini brá mig við þessa sögu; þá mælti hann godum: lífi Teóklýmenns þessum ordum: Þú heidvirða kotta

Odysseifs Laertessonar! ekki hefir hann verid sanns-
fróður um þetta. Taktu nú eptir því, sem eg segi,
því eg skal segja þér sanna spá, og aungva leyndu þig.
Þú ert þad Seisfur, æðstur guda, og þetta gestabord, viti
þad elvstalli hins ágæta Odysseifs, sem eg nú er til
kominu, ad Odysseifur er nú vísulega annaðhvort
seztur ad í sínu fædurlandi, eða hann rásar þar um
fríng, og hefir spurn af þessum illverkum, og ætlar sér
ad vinna öllum bidlumum eitthvad til meins. Eg sá
þann spáfugl, sem þetta bodadi, þá eg sat hjá því
þóptusterka skipi, og gat eg þegar um þenna fyrirburd við
Telemakkus. Sú vitra Penelopa sagði til hans:
Eg vildi óska, gestur, ad þessi spá rættist; þá skyldir
þú sá hjá mér bestu vidröfur og margar glafir, svo ad
hvort, sem yrði á vegi þínum, skyldi telja þig lán-
mann.

Þannig töludust þau við, en bidlarutr stémtu sér
á medan ad tófluleik og spjótkafti á því lagda gólfi
fyrir framan stofu Odysseifs, þar sem þeir voru vanir áður
ad hafa ýmíðlegt ofríki í frammi. En er leid ad matmáli,
kom fæd allstadar ad frá landebyggðinni, og fylgdu því sömu
menn og vant var. Þá sagði Medon til bidlanna,
hann var þeim kærstur af köslurumum, og sat ad veizlum
med þeim: med því þér sveinar, hafið allir stémt yd-
ur ad leikum, þá gangið inn í stofu, ad vér búum
þar til máltíðar; þad er aldrei lakara, ad taka kvæði
verð í tæla tíð. Svo mælti hann, en þeir félluft á þad,
sem hann sagði, stóðu upp og gengu inn. En er þeir
komu í stofuna, lagðu þeir af sér yfirhafnir sínar á
legubeffina og hástöla; tóku nú til ad slátra stórum sauð-
um og seitungum, þeir slátrudu og alisvönum, og
einu nauti af hjördinni, og matbjuggu til veizlunnar.

Odysseifur og hinn ágæti svínahirðir bjuggust nú af stad til borgariunnar utan af landsbyggðinni. Hinn fyrirmannlegi svínahirðir tók þá svo fyrri til máls: með því þér er meir í mun, gestur, að halda til borgarinnar í dag — og vildi eg þó heldur láta þig vera hér eptir til að gæta bæjarins, ef eg þyrði það fyrir húsbóndanum, því eg er hræddur um að hann þá deili á nóg seluna, og eru þúngbærar ávitur húsbændanna — komdu þá, við skulum halda af stad, því nú tekur mjög til að líða á dag, en hætt við, að heldur svoli að þér undir kosldid. Eá ráðagóði Odysseifur svaradi honum: eg fer nærri um meiningu málsins, og allvel skilst mér það er þú segir; við skulum strax fara af stad, en þú verður þá að vísa mér veg alla leidina; ljáðu mér líka einhverja tilhöggnu kofsu til að styðjast við, ef þú átt hana til: því þid segid, að vegurinn sé ógreidsær. Að því mæltu fastadi hann þeim herfilega malpoka á bak sér, var hann víða gættur, og í fléttuband til að halda í; en Rómens fekk honum staf, sem Odysseifi þókti við sitt hæfi. Gengu þeir nú af stad, en handarútr og smalamennirnir, sem eptir voru, gættu bæjarins; Rómens fylgdi konunginum til borgarinnar, var hann í hátt sem aumur fátæklingur og gamall karl, studdist við staf sinn, og var í vondum stíkum. Þeir gengu áfram grýttan veg, en er þeir nálgudust borgina, komu þeir að sagri vatnslind, hvar borgarmenn höfdu vatnsból sitt, á henni voru mannaverk, og höfdu þeir Itakus, Meritus og Polyktor hláðir hana upp. Í frágum lindina var frínglóttur runnur af vatni; þspum, en kaldb vatnið bunnadi ofanaf berginu; uppi á berginu var stalli Landvættanna, hvar allir ferðamenn voru vanir að bióta. Melantius Doliusson mætti

þeim hjá þessari lind; hann rak geitur til snærlugs handa bidlunnun, var það einvalafré af öllum geithjörðunum; með honum voru tveir smalar. En er hann leit þá Pomeus, atyrðti hann þá gífurlega og smánarlega, svo Odysseifi fór að ganga nær skapi. Tók hann svo til orða og sagði: Nú sannast það, að sækjast sér um lífið, samtan nídíngar stríða! eða hvort ætlar þú, armur svínahleðir, að fara með matháfinn, þenna víðbjóðslega fornkari, veizluspillirinn? Það mun vera vandt þessa karls að ganga frá einum dýrustafnum til annars, og nú sér upp við þá, meðan hann er að bjóða um bita ofar í sig; ekki mun hann vera vanur að mælast til (stórgjafa) sverda eða katta. Ef þú léðir mér þenna forumann til að gæta fjárhúsa, moka kvíar og bera klíðingum brum, þá gæti hann fengið misu að drekka, svo honum skyldi vara fíflur í lærunn. En ekki er víð því að bítast, að hann nenni að ganga að vinnu, þar sem hann ekki hefir öðru vanið en smennuflærslum; hirt mun honum ljúfara, að ganga um bygðir, og snífa sér út mat til að láta í hit sína, sem aldrei verður fyllt. En það segi eg þér, og það mun eptir ganga, að ef hann kemur í höll hins ágæta Odysseifs, þá mun barid verða á honum í höllinni, og reiddar að honum margar fótstavar, sem bylja munu á stórk hönum. Þá hann hafði sagt þetta, hljóp hann upp á Odysseif, eins og gapi, um leid og hann gekk fram hjá, og rak fótinn í mjóðm hans; þó gat hann ekki hennid hönum út af stígunni, því Odysseifur stóð fast fyrir og bifadist ekki. Þá runnu tvær grimur á Odysseif, hvort hann ætti heldur að vada að honum með klyfuna og rota hann til dandis, eða skyldi hann fara hann á lopt, og reka hann niður ell jarðar á höfundid. Hann hafði samt þol við, og

hepti skap sitt; en svínahirdirinn einblíndi framan í Melantíus, og rak í hann flammur, fórnadi síðan upp höndum og badst fyrir ræðilega: Þér Landvættir, dætur Seifs, sem ráðid fyrir þessari lind! hafi Odysseifur nokkuð sinni þrennt saudalæri eða fidlingalæri, vafin í feitri netju, á stalla ydruum, þá veitid mér þá bæni, að þessi afreksmaður komi, og leiddelni Gud honum heim; mætti þá svo fara, að hann lættadi í þér oflátid og frekjuna, sem í þér er minna, af því þú alltaf ert sjálfur að ráða inn í borgina, en lætur ónýta smala tyna sénu á meðan. Melantíus geitahirdir svaradi honum: heyr á endemi! hvað segir hrekks hundurinn! Þenna hund skal eg einhvörntíma flytja á þóptusterku, svartu skipi langt í burt frá Ítöku, og fá fyrir hann drjúga matværu. Eg vilði óska, að Appollon Silfrimbogi flyti Telimakkus til dands í höllinni í dag, eða hann félli fyrir bidlinum, svo það færi fyrir honum eins og honum Odysseifi, sem mist hefir heimkomu sinnar langt úti í löndum. Þá hann hafdi sagt þetta, skildi hann við þá, því þeir gengu hægt, en hann fór harðt, og kom brádt til konungshúfanna, gekk þegar inn, og settist meðal bidlanna gegnt Þreymakku, því hann unni honum mest. Frammistaðumennirnir lagðu fyrir hann fjötustam, en síð heidvirda matselja kom með brand handa honum að borða, og lagði það fyrir hann.

Þegar Odysseifur og hinn ágæti svínahirdir komu að höllinni, numu þeir stadar. Þá bar fyrir eyru þeim eyminn af horpuflættinum, því Semíus var þá tekinn til að kveða bidlinum til flémtunar. Odysseifur greip þá í hönd svínahirdisins, og mælti: Þetta mun vera hin sögru hús Odysseifs. Þau eru mjög andfend, og bera af öllum þórum húsnum, stendur eitt hús af enda annars; hefir hann

vandad mjög veggj og veggjabrúnnir að forgarðinum; fyrir dyrunum eru tvönnar hurðir með góðri læsingu, og mun einginn maður fá hér inn brotist með vopnastyrk. Ekki eg, að hér munu margir menn að veiðu sitja, því bæði bregdur hér fyrir steikarilminum, og líka kvedur harpan við, sem gúðirnir gerðu að lagðkonu veizlunnar. Ewmeus svínahirðir svarði honum, og sagði: Rétt skilst þér, og ertu nærgættur maður í þessu sem öðru. Nú skulum við taka saman ráð okkar, hvorsu við skulum að fara. Þú skalt gera annaðhvort, að þú gaff fyrir inn í höllina, og í flokk bidlanna, og skal eg þá vera hér eftir: eða biðdu hér stundarkorn, ef þú vilt það heldur, en eg skal ganga inn á undan. Ekki skaltu samt hafa lánga dvöl, því hætt er við, ef einhver sér þig úti fyrir, að hann annaðhvort ljósti þig eða hrindi þér; hugaðu eftir því. Eá margreyði, ágati Odysseifur svarði honum og sagði: jeg veit, jeg skil, það þarf ekki að segja mér allt. Far þú á undan, eg skal vera hér eftir. Vist em eg ekki óvanur höggum eða stotum; eg á þrautgóðan hug, því eg hef margt illt þolad bæði í sjáfarvolki og orustum, svo mig gildir einu, þó þetta batist þar ofan á. En hinn áfjáda og meinsamlega sult fær enginn dulid; hann er munnnum margs ills ollandi: hans vegna eru jafnvel herskip gerð út í leiddangur yfir hid ófrjóffama haf, til þess að herja í óvinalöndum. Þannig töludust þeir við um þetta. Hundur nokkur, sem þar lá, lypti þá upp hausnum og reisti eyrun; það var Argus, hundur hins þolgóða Odysseifs. Þann hund hafði Odysseifur sjálfur uppalid forðum, án þess þó að hafa hans nokkur not, því Odysseifur fór áður til ennar heilgu Ílusborgar. Áður fyrir meir voru úngir menn vanir að fara með

hanu á dýraveidar, til að ná stógargeitum, ráðhrum og hérum; en núna, af því húsbóndi hans var ekki við, lá hann umhirðingarlaut á stórum hang, sem var fyrir framan húsdýr Odysseifs; hafði þángad verið borinn mikill hangur undan málafnum og nautum, og ætluðu þrælarnir Odysseifs seiunta meir að fara út mykluna til að teyja þann mikla fontingsvöll, er Odysseifur átti. Á þessum hang lá hundurinn Argus, og skreid nú kvífur. Nú sem hundurinn varð þess var, að Odysseifur var þar kominn, þá fladradi hann rófunni og lét bæði ryun lafa, en hafði nú engann máttinn að skreidast til húsbónda síns. Þá leit Odysseifur undan og þerradi af sér tár. Átti hann hægt með að gera það, svo Eumeus væði eigi var við. Eidan tók hann til orða: Þetta er næsta undarlegt, Eumeus, þar liggur hundur á hanginum, sem að vísu hefir ágætlegt vaxtarlag, en hirt veit eg eigi til satns, hvert hann hefir verið eins hvattur til hlaups, eins og hann er vaxinn hlaupalega, eða hann er rétt sem aðrir stofurakkar eru vanir að verða, þeir er eigendurnir ala sér upp til gamans. Eumeus svínahirðir svaradi honum og sagði: Þar liggur hundur þess manns, sem dáiun er langt, langt úti í löndum. Ef hann væri nú eins þreflegur og eins til aftré, eins og hann var, þegar Odysseifur skyldi við hann, þá hann fór til Trójuborgar, þá mundi þér gefa á að líta, þegar þú sérir, hvað hann er bæði frár og knár; því ekkert kvíflindi, sem hann lagði í einelti, gat forðað sér fyrir honum innst inni í stógunum, þar sem runnarnir voru þéttastir, því hann var allra hunda sporr vístastur. Nú er þessi hundur aumlega staddur. Það sér á, að lánardrottinn hans er dáiun langt í burt frá fædurlandi sínu; því ambáttirnir, sem aldrei hirta um

neitt, leggja annigva ræft við hann. Það er segin saga, þegar húsbandurnir eru ekki uppi yfir þrálungum, þá neuna þeir effert handtak að vinna af því, sem þeir eiga að gera; því hvær sá maður, sem hinn háþrumi andi Seisfur hneppir í ánand, verður ekki nema hálsfur maður til dygðar og trúmennsku upp frá því. Að því mæltu gekk hann inn í höllina, og inn í stofuna til bidlanna. En banagyðjan sem ræður þeim tynna danda, héltók Argus, undir eins og hann hafði litid Odysseif augnum á tuttugasta árinu. Hinn godumlífi Telemakkus sá fyrstur af öllum, hvar svínahirdirinn gekk inn í stofuna, og bendi honum undir eins, að hann skyldi koma til sín. Evinahirdir litadist um, og sá hvar stóll stóð, sem brytinn var vanur að sitja á, þá hann stamtadi bidlunum kjör, þegar þeir sátu að veizlum í höllinni; Þenna stól tók svínahirdirinn, bar hann þóngad sem Telemakkus sat við bordið sett, og setti hann þar gagnvart honum, settist síðan á stólinn; tók kallarinn þá til deildann verð og lagði fyrir hann, og fékk honum braud með úr kórsumni.

Ekki leid á laungu, áður Odysseifur gekk inn í höllina á eptir honum; var hann líkur aumlegum fátæklingi og gömlum karli, fladdist við staf sinn, og var í ljótum lörsum. Hann settist á eskipræstuldinn fyrir innan dyrnar, og hallaði sér upp við dyrustafinn; stafurinn var af sýprekvidi gjör, og hafði smidurinn telgt hann haglega til, og gert beinann eptir snúru. Telemakkus tók heilt braud upp úr þeirri fallegu kórsum, og svo mikið af kjöti, sem hann gat höndum yfir greipad, kalladi til sín svínahirdirinn og sagði til hans: far þú með þetta, og fær gestinum, og seg honum að ganga fyrir sérhvörn af bidlunum, og biðja þá að gefa sér;

Því þursamanni hentar ekki að vera ófróðum. Svo mælti hann, en svínahleðirinn fór, þegar hann hafði fengið þessi boð, gekk hann til gesthúss. og sagði: Telemakkus sendir þér þetta, gestur, og segir, að þú skulir ganga fyrir hvörn af bidluunum, og biðja þá gjafa; segir hann, að þelm manni, sem lifir á bónbjörgum, henti eigi að vera ófróðum. Sá ráðagóði Odysseifur svaraði honum og sagði: völdugi Seifur, veit mér þá þan, að þú lát Telemakkus verða auðnumann, og hlotnast allt það, er hann æfir sér. Að svo fyrir-mæltu tók hann við sendingunni báðum höndum, og lagði hana til fóta sér, þar sem hann sat, ofan á þokaræfilinn, fór svo að jeta, og var að því, meðan saungmaður urinn kvad í hölliinni, og stóðst það á endum, að hann var blíinn að jeta, þegar hlun-ágæti saungmaður hætti. Nú tóku bidlarnir til að hafa hátt um sig í hölliinni; gekk Atena þá til Odysseifs Laertessonar, og rak eptir honum, að hann gengi fyrir bidlana og bæði sér beina, svo hann kæmist að raun um, hvörjir af bidluunum væri sannsýnir meun, og hverjir eingum réttindum steytti; og arlaði hún þó ekki að heldur að hlífa neinum þeirra við óhamingjunni. Odysseifur fór nú, og tók til hægramegln í höllinni, bað hvörn mann að gefa sér, og rétti hendur frá sér hvadanæsa; léf hann þetta, eins og hann hefði lánga lengi lifað á bónbjörgum. Þeir kendu í brjóst um hann, og gerdu honum úrlausn; faunst þeim mikil um þenna mann og spurði hvorr annan, hvorr hann væri, og hvadan hann kæmi. Þá tók Melantkus geitahirðir svo til orða; Hlustið til, þér bidlar hinnar víðfrægu drottunsingar, meðan eg segi það, sem eg veit um þenna gest, því eg hefi séð hann áður. Það er víst, að svínahirðir

trinn fylgdi honum hringad, en hitt veit eg ekki með
 vísu, hvórrar áttar hann er. Evo mælti hann, en
 Antínóus beiði á svínahirtirinn, og sagði: hví fylgdir
 þú, illaræmði svínahirdir, karli þessum til borgarinnar?
 eða þesum vör ekki nóga aðra flokkumenn og leida þá
 tæklinga, sem gera hér veizluspjöll? eða þykja þér þeir
 offár, sem hér eru samau komnir og eta upp eignumar
 hans húsbónda þíns, að þú skulir hafa farid að bjóða
 þessum karli hringad lífa? Womens svínahirdir svaradi
 honum, og sagði: Ekki er þetta fallega talad af þér,
 Antínóus, svo gæfugum manni. Hvórr ætli geri sér
 ferð til þess, að bjóða til sín ófnumum manni úr öðru
 landi, nema sjá hiun sami sé að einhverju þjóðdýtur,
 aunnadhvört spámadur, eða læknir, eða mjódur, edur og
 andrífur sanngmaður, er kvedid geti mættum til stefnumar?
 Því slíkir menn eru öllum velkomnir nu víða
 veröld. En varla fer nokkur að bjóða til sín sníkju-
 gesti, sem jeta mundi sjálfan hann út á húsgang. Það
 er flitid, að þú skulir allajafna vera verri við þrælana
 hans Odysseifs, en allir hinir bidlarnir, og elufanlega
 við mig; en eg þeyti því ekki, meðan eg veit af þeim
 lífs í höllinni. Þinni vitru Penelopu og hinum godum;
 lífa Telemakkus. Þinn greindi Telemakkus svaradi
 honum: þegi þú! Þú mátt ekki vera svorull við þenna
 mann. Það er áttid vandi Antínóusar, að vera meins-
 ertinn með óþægum ordum, og lífa eggjar hann aðra
 til hins sama. Þá hann hafði sagt þetta, taladi hann
 til Antínóusar skjótum ordum: þáfallega lærur þú þér
 nu mig hugad, Antínóus, rétt eins og fadir um son
 sinn! Þar sem þú býður með stóryrdum, að reka gestinn
 út úr höllinni. Gud láti það aldrei verða! Taktu eit-
 hvað til, og gefdu gestinum; eg meina þér það ekki, nei,

eg er þess heldur hvetjandi; þú þarft ekki að fordæft hana móður mína að því, eða nokkurn af þrælum þeim, sem eru í höll hins ágæta Odysseífs. Nei, það er ekki þesslegt, að þú sért svo lundtur; þú vilt langtum heldur eta sjálfur, en gefa öðrum. Antínóus svarði honum, og sagði: Hvað segir þú, stórordi og ofurhugadi Telemakkus! Ef hvort bidlanna vífi að honum öðru eins, þá mundi hann ekki hingat koma optar, og ekki út fyrir dyr fara í þrjá mánuði. Þá hann hafði þetta sagt, tók hann fram undan bordinu fótaffar, sem þar lá og hann var vanur að leggja á sætur sínar, þá hann sat að veizlum. Allir aðrir gáfu nú gestinum, og fyltu poka hans með braud og kjöt, og nú ætlaði Odysseifur bráðum að fara aptur á þröstuldinn, til að smakka á olmusugjöfum Affea, en gekk um leid fyrir Antínóus, og talaði til hans: Gef mér nokkud, kæri! Ego lízt mér á þig, sem þú munir ekki vera hinn lítill mannlegasti af Affeum, heldur hinn gósfuglegasti, því þú ert því líkastur, sem þú værir einhvört konungur. Þessvegna ber þér að vera orlátari af matnum, en aðrir; enda skal eg þá bera lofstrir þinn út um víða veröld. Þér voru tíðirnar, að eg átti líka hamingju láni að fagna, og átti andugt bú, gerði eg þá mörgum forumanni gott, hvørsu vesall sem hann var, og hvørs sem hann var þurfti; eg átti ótal þræla, og marga hluti aðra, sem þeir einir eiga, er kalladir eru velsæðs armenn og andmenn. En Geisí Kronusfyni þótnaðist að bregða þessu láni. Hann kom mér til að fara í langtferð til Egyptalands með víkingum nokkorum, til þess eg skyldi rata í ógæsuna. Eg lagði hinum bordsrónu skipum upp í Egyptasljót; þá bad eg mína kæruförumauta að vera kyrra við skipin, þar sem vér höfum

tefild land, og gata skipanna, en sendi menn upp á leiti á njósu. En með því þeir voru ofstoppar og fylgdu einræði sínu, þá tóku þeir þegar til að eyða hina sögru afra Egyptalandsmanna, ræna konum og ungboðnum, og drepa mýtur karlmannaþólfid. Nú barst hersagan fljótt til borgarinnar; og er borgarmenn heyru hersögunna, tógu þeir undir eins og lýstu af degi, og var þá hvort völlum þakinn förgangumönnum og vagnalíði og leiptranda málmí. Hin þrumugladi Seisfur kom þá illum flótti í líd mitt, svo einginn af mínum mönnum þerdi að veita víðadám, því háskinn var á allar hendur; drápu landsmenn þar marga menn af öð með beittum vopnum, handtöku suma, og leiddu á land upp í ánaud. En mig gáfu þeir burt til Kýpreyar gættelaga nokkurum, er til heitra kom; lá hét Dmetor Dastuson, og var ríkur konungur í Kýprey. Kom eg nú einmitt þadan hingat, og hafi miklum raunum mætt. Antínóus svaradi honum og sagði: Svada óhamingja hefir stefnt hingat þessum meinvætt, til þess að gera hér veizluspiöll. Enúfadu fram á gólfid, og stattu þar, en komdu ekki nærri bordinu mín; annars er hætt vld, að þú farir ekki betri sök, en þú fórst til Egyptalands og Kýpreyar. Eru framan og ósvífinn sórlkarl hafi eg aldrei séð; þú gengur á ródina og kemst fyrir hvörn mann, en allir eru svo hugsumarláttir, að þeir gera þér úrlausn: því þegar hvort hefir nóg fyrir framman höndurnar, hlífast þeir ekki vld; og eru óþarfi á að gefa af því, sem aðrir eiga. Eð ráðagóði Óbyssseifur velt þá til baka, og mælti: Eð er hvað! góðmennastan fer þá ekki eftir útlitinu hjá þér? Barla tryði eg þó, að þú tændir að gefa manni, sem bæði þig elmuðil, svo mikis sem einn saltinola af þínu elgin bœði, fylst

Þú tínir ekki að láta neitt matarkyns af hendi rakna við mig, og situr þú þó við annara manna bord, og hefir uðg fyrir framan hendurnar. Evo mælti hann, en Antínóus varð við þetta enn reidari; hann leit til hans með reidisvip, og taladi skjórum orðum: Nú hugsa eg þú komist ekki klaklaust aptur út úr höllinni, fyrst þú hreypir úr þér smánæryrdum. Þá hann hafði sagt þetta, tók hann sótafforina, og rak hana á hægri øri hans upp við hálsinn, en Odysseifur stóð fastur fyrir, eins og flettur, og þokadist ekki úr stad við hogg það, er Antínóus greiddi honum. Hann hrísti höfuðid, en taladi ekki orð, því hann hafði illt í huga; fór síðan aptur að þröskuldinum, og settist þar, og lagði af sér fullan malþokann, mælti síðan til bidlauna: Hlustid til þér bidlar ennar víðfrægu drottningar, meðan eg tala það sem mér býr í brjósti. Einginn maður kveinkar sér eða lætur á sér festa, þó hann sái sár í bardaga, þegar hann er að verja fé sitt, naut eða saudi. Þér stóð ædrúfí á, Antínóus laust mig vegna þess eg vildi sefa þið illa og meinsamlega húngur, sem er mönnum svo margs ills ollandi. En sé það víst, að fátækir menn egi gubina og hefndargyðjurnar að, þá óska eg, að Antínóus hreppi sitt banadægur, áður enn hann kvongast. Antínóus Eopítesson svaradi honum: sittu fyrir, gestur, og vertu að jeta, eða þá fardu burt, og eitthvað annað; annars máttu búaast við, fyrir orðin, sem þú hefir, að sveinarnir dragi þig út úr höllinni á fátinum eða handleggnum, svo þú verdir allur hrúsladur. Evo mælti hann, en þeim þókti öllum stórlega fyrir, og þá tók einhver af þeim ofstopafullu sveinum svo til orða: ekki var það fallega gert af þér, Antínóus, að slá vesalings fóru manninn. Einhver óheil stendur af þér! Hvort veit

nema þetta sé einhvortt gud af himni ofan? Því gud:irnir, sem geta brugðid sér í allar myndir, eru vanir að ganga um byggdir manna í líkjum útlendra gesta, og gefa svo gætur að öfstopa og síðlæti mannaþema. Eyo mæltu bidlarnir, en Antínóus gaf aungvan gaum að orðum þeirra. Telemakkusi sveid sárt, að barid var á gestinum; þó seldi hann ekki tár af angum, heldur hrísti höfundid og mælti ekki orð, því hann hugsaði bidlunum ekki gott niðri.

Þegar hin vitra Penelopa heyrði, að barid var á gestinum í stofunni, sagði hún til ambáttanna: Eg vildi, að hinn bogfimi Appollon lysti þig sjálfan eins! Mat:seljan Eörynoma svaradi henni: ef svo færi, sem við öfsum, mundi einginn þeirra líta þá næstu morgun sól. Hin vitra Penelopa svaradi henni aptur: að sonnu eru þeir mér allir leidir, heillin góð, af því þeir hafa illt með höndum; Þó er mér verst við Antínóus, hann er mér leidir, sem hinn dimmi dauði. Einhvortt útlendur aumingi er að ráfa um höllina, og bidur el:muðu, því orbyrgdin þrýstir honum til þess; allir hafa gert honum úrlausn og gefid honum, nema Antínóus, hann laust fótafórinni ofan til í hægri æxl honum. Þann:ig taladi hún, þar sem hún sat í kvennasalaum hjá ambáttunum. Odysseifur var að snæða, meðan þetta var. Hún kalladi þá til sín hinn ágæta svínahirðir, og sagði við hann: Far þú, góði Eomeus, og bid gestinn koma; eg ætla að hafa orð af honum, og spyrja hann, hvort hann hafi frétt nokkurstadar til hins þol:góða Odysseifs, eða séð hann sjálfur, því mér lígt svo á þenna mann, sem hann muni víða farid hafa. Eomeus svínahirðir svaradi henni, og sagði: ef Affear hesdu hljóðt um sig, drottning, þá mundi þér þykja flentun

að tali þessa manns, svo segist honum vel frá! Eg hófsti hann í þriðjar nætur, og héldt honum í þrjá daga á bæ mínum, því hann hafði stöfkid af skipshjól, og kom fyrst til mín; og þó hefir hann enn ekki sagt til lofs alla raunabögn sína. Mér fór eins og manni þeim, er stórir á þauu faungmann, sem kvædur dandlegum mönnum til stemmar hjartnæm kvæði, þau er hann numid hefir af sjálfum gudunum; eins og menn lángræða því meir til að hlýða á hann, því lengur sem hann heldur áfram að kvæða: eins varð eg frá mér numinn, þegar hann sat hjá mér í kotinu og var að segja mér söguna. Hann kvæðst vera gestavinur födur Odysseifs, og eiga heima í Krít, hvar ættidjar Mínóss búa. Hann kom þaðan hringad nú fyrir slámu eptir miklar þrautir og margvíslega hrakninga; læste hann hafa frétt, að Odysseifur sé á lífi, hér nálægt í Tesprótalandi, og hafi meðferðis margar gersemar heim til sín. Þú vitra Penelopa svaradi honum: Far þú, kalla þú hann hringad, eg vil láta hann segja frá því sjálfan, svo eg heyrir á. Vidlar þessir geta setid í forðyrinu og gamnad sér þar, eða þá í stofunni, þar sem þeir eru. Þeim er látt í hug, þar sem eigur þeirra liggja österdtar heima hjá þeim, bæði fornmatur og hild hjuðfenga vín, nema það sem hús karlar þeirra neytra; en sjálfir venja þeir hringad komur sínar dag hvörn, slátra nautum og sauðum og seitu geitir sé, sírja að mannbodum, og drekka hild slæra vín gegndarlaus, gengur þar mikid til af eigum mínum; því nú er ekki sá maður til stadins, er Odysseifur maki sé, til að bæjja þessari óhamingju frá heimili mínu. Ef Odysseifur væri heim kominn í sitt födurland, og væri hér, mundi hann ásamt með syni sínum hefna þess ófittis, er þessir menn hafa í frammi. Svo mælti hún;

þá fékk Telemakkus mikinn hnerra, svo að hátt tók undir í allri stofnunni. Þá hló Penelopa, og taladi þegar stórtum orðum til Eomeusar: 'Fardu og falladu gestinn hingatil mín! Sérdu ekki, að sonur minn hnerradi til allra minna orða? Þar fyrir hugsa eg, að bidlunum muni baki búinn öllum saman, og mun einginn þeirra undan komast dandanum og Vanaggyðjunum. En eitt vil eg segja þér, sem þú skalt taka eptir: ef eg kemst að raun um, að hann segi satt frá öllu, þá skal eg gefa honum samilegan klædnad til að vera í, bæði yfirhofn og kyrtill. Þá hún hafði sagt þetta, fór svínaherdirinn, þegar hann hafði fengið stílabodin, gekk til gestsins, og kvad svo að orði: Gestur góður, hin vitra Penelopa, móðir Telemakkus, kallar á þig; þó hún sé næsta soegmædd, leifur henni hugur á að fá einhverja fregn um mann sinn. Og ef hún kemst að raunum, að þú segir satt frá öllu, þá ætlar hún að gefa þér yfirhofn og kyrtill, sem þú hefur þarfnast; en sáðungrinn þinn geturdu fengið, með því að ganga meðal manna og bjóða þér matar, því séðhværr greiðvifinn maður mun víkja þér einhverju. Hinn þrautgóði, ágæti Odysseifur svaradi honum: að vissu gæti eg, Eomeus, sagt þinni vitru Penelopu Þeariusdóttur þegar í stad sanna sögu um allt, því mér er fullkunnugt um hann, er við höfum báðir ratað í sömu raunir; en eg þork ekki að hætta mér í flokk þinna svæfna bjóða, hværra yfirgangur og ofríki gengur fjöllum þinna. Því áðan, þegar eg gekk um stofuna í meintleysi, laust hann mig madurinn, sem þarna er, svo eg kendi til, og gat hvorki Telemakkus, né nokkur þinna aptrað því. Þess vegna skaltu segja Penelopu, þó hana lángi eptir fréttunum, að bjóða í herbergi sínu, þar til sólar

lag er komid; þá gétur hún spurt mig um heimsör
bónda síns, vilda eg þá hún veldi mér særi nálægt
eldinum. Því eg et í lélegum færum, eins og þér er
sjálfum kunnugt, þar eg kom fyrst á þínar náðir. Ego
mælti hann, en er svínahirdir hafði heyrt þessi stílabod,
geft hann til drottningar, og þegar hann var stíginn
inn yfir þröskuldinn, taladi Penelopa til hans: kemurdu
effi með hann, Eomeus? hvað hugsar færunadrinn
með þessu? kannst þu sé hræddur við einhvörun ó-
jafnadarman, eða hann sé svo feiminn, að þú effi
að ganga um stofuna? Það er búið að vera feiminn
fyrir þann, sem lifa skal á bókhyggum. Eomeus
svínahirdir svaradi henni og sagði: Maðnrinn hefir rétt
fyrir sér, og sama mátti hvörjum öðrum í hug koma:
hann vill forðast ofríki hinna ofstopafullu bida, og því
segir hann, að þú stúlur bida til þess er sól sezt. Það
er líka miklu betra fyrir sjálfa þig, að eiga tal við
gestina og heyra andsvör hans í einrúmi. Þin vitra Pen-
elopa svaradi honum: Effi er úmvindun gestsins óviturleg,
hvort sem hann er; því varla held eg finnið nokkrastad-
ar í heimi þeir yfirgangsmenn, sem séu jafufrekjufullir,
sem þessir menn. Þannig mælti hún, en sá ágæti
svínahirdi geft inn til bidlanna, þegar hann hafði stíla-
að erindinn; hann taladi þá stjótum ortum til Tele-
makffuss og lant hófði til hans, svo aðrir stýldu ei
heyr: Nú ætla eg að fara heim, kæri, til að gæta
svínanna og hins, sem heima er, þinna eigna og minna,
en þú skalt hafa gát á öllu innan hallar. Fyrst af öllu
skaltu vera var um sjálfan þig, og gæta þess, að þér
veydi effert að grandi, því margir af Akkeum hafa illan
hug til þín; torthni Seisur þeim, áður en þeir verði
óð ad tjóni! Þinn greindi Telemakffus svaradi honum:

Evo skal vera, faðir sœll, en bíddu fyrst nátemálanna, og fardu svo; komdu svo aftur með morgunsárinu, og hafðu með þér úrvalið blóðfé, en eg skal með hjálpi hinna óðauðlegu guda hafa hér gát á öllu. Evo mælti hann, en Eomeus settist aftur á hinn fagra stól, og þá hann hafði etid og drukkid lyst sína, gekk hann af stad til svínanna; hann gekk út úr forgardinum og höllinni, sem alsett var af bodsmönnum, stentu þeir sér við dansleik og saung, því þá voru komin nátemál.

Odysseis drápa.

Atjánd a b ó k.

Senntak: Odysseifur sigrar Irus í hnefaleik. Penelopa kemur á fund bidlanna, og þiggur gjafir af þeim. Pervurnar í höllinni dára Odysseis, Erymaekus spottar hann og vill slá hann. Bidlarnir fara um nóttina heim til sín, og taka á sig náðir.

Þar kom til hallarinnar húsegángsmadur nokkur, allra sveita kvikindi, sem þar var vanur að ganga um í Iteuborg og biðja sér ólmusu; hann var hiun mesti ofnefjumadur, stætaudi og síðreffandi; kraptalaus var hann og óhardur, en erid mikill á velli að sjá. Hann hét Arneus, það nafn hafði hans heidvirda móðir gefið honum; en allir hinir yngri menn kölluðu hann Irus, af því hann var því vanur að fara með skilabod, þegar hann var bediun. Þegar Irus kom í höllina, vildi

hann tala Odysseif úr húsi sínu, og ájörðist við hann
 stórvordur, og sagði: fardu biirt úr forðvænnu, karl, ef
 þú vilt ekki verða fóttogadur! Sérdu ekki, að allir eru
 að depla til mín angnum, og biðja mig að draga þig
 út. Eg fyrirverð mig samt að gera það; stattu heldur
 upp, því annars er hætt við, að bráðum komi til hands
 anna milli okkar. Hinn ráðagóði Odysseifur leit til
 hans reiduglega og sagði: ekki er jeg að leggja neitt til
 þín, kunningi, eða tala þér illa til, og ekki sé eg of-
 sjónum yfir, þó einhver greiði fyrir þér, og það ekki
 þó hann taki riflega til. Það er nóg rúm fyrir okkur
 báða hérna á þröskuldinum. Það er óþarfi fyrir þig,
 að sjá ofsjónum yfir mér, þó aðrir geri mér gort; mér
 sýnist þú vera fótumadur lífa, eins og eg; en hamingju-
 lánid veita gúðirnir. **VE**, vertu ekki að bjóða mér úr
 í handalögumál! gerdu mig ekki illan! eg er hræddur um,
 að eg gæfi þér blóðnastir, þó eg sé gamall; eg gæti þá
 lífa betur hafi frið fyrir þér á morgun, því mig von-
 ar, að þú mundir þá ekki koma í næsta sinn í höll
 Odysseifs Laertessonar. Húsgangurinn Trus reiddist
 við þetta, og sagði: heyr á endemi! enn hvað matháfi-
 urinn fleiprar, eins og eldakerling! mér þætti gaman að
 finna þig í fjöru, berja á þér með báðum höndum, og
 brjóta allar reynurnar úr stoltinum á þér, eins og gert
 er við rúnækluu svinin. Veltadu þig nú, svo allir,
 sem hér eru, sjái upp á, þegar við berjumst. Hvær-
 inn átti að geta barizt við úngan mann? Að þessu
 þjarki voru þeir á þröskuldinum fyrir framan stofudyr-
 ar, báðir sokreidit. Það ágæta hransmennui Antínóus
 heyrði latin til þeirra, hann sagði þá til bidlanna, og
 hló. dátt upp yfir sig: Elíkt hefir aldrei fyrr að borid,
 vinir! mikla blefsada stemtan lætur gúð verða hérna í

hóllinni! Þeir eru að bjóða hvört øðrum út að sljúga aft á, gesturinn og hann Trus; við skulum strax etja þeint samon! Eyo mælti hann, en þeir stöfku upp allir hlæandi, og flýktust í kringum sörmlarlana, sem voru illa klæddir. Antínóus Eypitesson tók þá svo til orða: Hverid til, þér væstu bidlar, meðan eg tala fát ein ord. Hér eru nokkurar geitvambir yfir eldinum, faldar upp með mör og blóð, sem vér höfum ætlað til kvöldverðar oss. Hværr karlanna, sem ber af øðrum og berur hest, skal mega velja sér sjálfur hvört iðrid sem hann vill; sá skal og ávallt hér eptir sitja að veiðlu með oss, og aungvum øðrum sörnumanni skulum vér leysa að koma í höllina til að bjóða ölmusu. Eyo mælti Antínóus, og féllust allir á það, sem hann sagði. Hin slægvitri, margráðugi Odysseifur tók þá svo til orða: góðir menn, með aungvu móti em eg fær un, gamall maður og mæddur af vesöld, að berjast við unga mann. En með því sár sulturinn sverfur fast að mér, kúsumst eg til að hætta mér undir högginn. En þá verðid þér allir að vinna mér þess styrkvæn eid, að einginn yðar skal gera það Trusi í vil, að slá mig af hrekk með hardri hendi, til þess að hann verði mér yfirsterkari. Eyo mælti hann, en þeir söru allir, elns og hann mælti ist til. Þá tók hinn ágæti höfðingi Telemakkus til orða: ef þú, gestur, finnur hjá þér hug og dug til, að reka þenna Earl af höndum þér, þá máttu vera óhræddur, að enginn af Akkeum skal gera þér mein; því hværr sem blakar þig hendi, hann skal eiga fleirum að mæta. Eg er gestgjafi hér, og þeir höfðingjarnir, Antínóus og Eorymakkus, sem báðir eru vitrir menn, skulu verða mér samþykfir hér í. Eyo mælti hann, en þeir róms, yðu allir mál hans. Nú batt Odysseifur upp tætti

ana um sig midjan; sáust þá læri hans, sem voru sjáleg og mikil, þá sáust og hans breidu herdar, og bringan og þeir þreflegu haubleggir; en Alena gekk þá til þjóðhöfðingjans, og gerði allt hans límalag vortuglegra. Furðuadi bidlana stórlega á þessu, og þá tók einhverr þeirra svo til orða, í því hann leit til þess, sem næstur honum stóð: Einn fer illa fyrir vestlings Trusi, og má hann kenna sjálfum sér um. Einn að sjá larastodirnar, sem koma fram undan tærunum karlsins þarna! Evi mæltu þeir, en Trusi varð illa felmt við. Eigi að síður leiddu þjónarnir hann fram, þá þeir höfdu stýtt hann upp, og drógu hann með valdi, var hann þá svo hræddur, að holdið nœtraði á beinum hans. Antínóus átalði hann, tók til orða og sagði: Það væri betur, að þú værir ekki til, og hefur aldrei til orðið, oflátungurinn þinn, fyrst þú titrar allur og ert lathræddur við þenna gamla mann, sem oræddur er af þeim raunum, sem hann hefur í ratsað. En eitt skal eg segja þér, sem eptir mun ganga: ef þessi Karl sigrar þig og hefur betur, þá skal eg flytja þig á skip, og senda með þig inn á meginland til Ekkeusis kóngs, sem sálgar öllum mönnum, er til hans koma; hann mun snida af þér nef og eyru, slita undan þér, og gefa þab hundum hrátt að jeta. Evi mælti hann, en við þetta setti enn meiri skjálsta að Trusi; síðan leiddu þeir hann fram, og nú reiddu báðir karlarnir upp hnefana. Þinn margþjáfi, ágæti Odysseifur hugsaði sig þá um, hvort hann skyldi ljóta svo harðt, að Trus selli þegar í stad dauður niður; ellegar skyldi hann slá línslega til, svo að hann að eins jafnvæpadi honum. En er hann taldi þetta í hug sér, leizt honum ráðlegra, að ætla sér af, svo Ekkei skyldi eigi gruna, hvort hann væri. Báðir karlarnir reiddu nú til höggð, kom högg Trusar á

hægrí ætí Odysseifs, en Odysseifur laust á hálsinu fyrir
 uedun eyrad, svo að innu springu beinin, gaus þá blóð;
 spýa fram úr Trusi, hann datt æstrandir til jarðar,
 jafnlaði tönnumum, og brauzt um á hæli og hnacka.
 Þeir gæfugu bidlar fórnudu þá upp höndunum, og ætí
 udu að springa af hlátri. Odysseifur tók í fót Trusar,
 og dró hann út eptir forðyrinu, þar til hann kom að
 forgardinum, og stólpagánga dýrunum, þar reiðti hann
 Trus upp við húsfagards vegginn, lét þrik í hönd hon-
 um, og talaði svo til hans stjótum orðum og sagði:
 Sittu mí hérna, og bandadu móti sovinum og hunds-
 unum! Ekki skaltú, vejalíngurinn þinn, vera hér
 fóngur yfir gestum og gángandi, nema þú viljir enn
 verri fór fara. Að því mæltu varpadi hann á bak sér
 þeim herfílega malþoka, sem víða var gortóttur, og í
 fléttuband til að halda í. Hann gekk nú aptur að
 þröskuldinum, og settist þar; en bidlarnir gengu inn í
 stofuna, og hlótu dátt, sögnuðu Odysseifi og sögðu:
 Seifur og aðrir ódandlegir gudir veiti þér, gestur, allt
 hvað þú heilst æfir þér, og þér er hjartkærast, fyrir
 það að þú vandir af komur þessa matháks hér um bygd-
 ir; því bráðum munum vér flytja hann inn á megin-
 land til Æketus kóngs, sem sálgar öllum mönnum, er
 til hans koma. Evi mæltu þeir, og varð Odysseifur
 gladdur við þessa orðheill. Þá lagði Antínóus fyrir
 hann stórt blóðmørsidur, en Amfinómus tók tvö braud
 úr kersunnit, og lagði fyrir hann, drókk honum síðan til
 af gullbikar, og sagði: heill þér, gestur sáll, eg óska,
 að þér hlotnist lán og hamíngja seinna meir, þó þú
 egir nú við mörk báginði að berjast. Þinn ráðagóði
 Odysseifur svaradi honum, og sagði: Evi lízt mér á
 þig, Amfinómus, sem þú munir vera maður harðla

vitur, áttu og kyn til þess, þar sem hann fadir þinn var. Þeyrda eg þar sagurt frá sagt, að Tífus frá Dís-
líksey væri æðlingur af manni og vel fjáður; er mér sagt,
að þú sért sonur hans, lígt mér svo á þig, að þú munit
vera valmenni. Þess vegna ætla eg að segja þér nokk-
ud, taktu nú eptir, og hlustadu til. Effert af öllu því,
sem á jörðu andar og bæríft, er ístöðuminnna, en mad-
urinn. Meðan gudirnir veita honum velgengni og líf-
amsfjör, hugsar hann, að hann mun aldrei nokkuru
íllu mæta framvegis. En þegar þeir sælu gudir láta
bólid einueginn sakka í hans skaut, þá þrokar hann það
fram af sér, og unir illa hlutfalli sínu. Því laud
jardueftra manna er eins og dagurinn, sem fadir manna
og guda lætur yfir þá koma. En var og tíðin, að eg
gat verid lánsmaður, en eg framdi margt ofríft, þar eg
treysti á mátt minn og megin, og reiddi mig á fœður
minn og bræður mína. Því skyldi einginn maður nokk-
uru sinni vera óréttvís, heldur njóta með spekt þeirra
gjafa, sem gudirnir veita honum. Evi sé eg og, að
bidlar þessir hafa mœrg illverk í frammi, eyða eigum og
svívirða konu þess manns, er eg hygg að ekki muni hér
eptir lengi vera fjærvíftum frá vinum sínum og fœður-
landi; nei, eg hygg hann vera allnærri. Vildi eg því
ófsa, að einhver bjargvættur leiddi þig heim hédan, svo
þú yrðir eigi á vegi hans. Þegar hann kemur heim í sitt
færa fœðurland; því það er ætlan mín, að þeir muni
ekki vandráðalaust stíla, bidlarnir og hann. Þegar hann
er kominn undir húsfak sitt. Þá hann hafði þetta sagt,
dreypti hann því sæta vini, drækt síðan, og rétti bifar-
inn aptur að þjóðhofeingjannum. Væll Amfinóntus þá
um gólf í stofunni, drap niður hœfi, og lá illa á hon-
um, því nú tók hann að óa fyrir einhverri ógæfu. En

allt fyrir það varð eigi feigum forðað; því Atena kom á hann herfjotrum, svo hann skyldi verða vopndandur og falla fyrir spjóti Telimakkusar. Settist hann þá aftur á hann stól, sem hann hafði áður á setid.

Hin bláeyga góða Atena blés nú því í brjóst hinni vitru Penelopu Íkariúsdóttur að ganga á fund bidla anna, til þess þeim skyldi verða sem heitast um hjartarætur, og hún sjálf meir metin en áður af manni hennar og syni. Hún gerdi sér nú upp hlátur, tók til orða og sagði: Eorynomia, allt hvað bidlarnir eru mér leidir; þá lángar mig þó til, aldrei þessu vant, að ganga á fund þeirra. Eg vildi segin ráðleggja syni mínum, það sem betur má fara, að hafa ekki mjög mikil mál við þá yfirgángsmu bidla, sem tala fagurt, en blúa yfir illu. Marseljan Eorynomia svaradi henni: allt er þetta vel mælt, sem þú segir, dóttir góð! Far þú, og ráð syni þínum heilt, og leyn augun af, en fyrst skaltu þó þvo þér og smyrja þig í framan; þú skalt ekki ganga fram svona, eins og þú ert, með andlit vott af tárur: það er ekki gott að vera í sífeldri sorg, sem aldrei linnir. Nú er líka sonur þinn kominn á þann aldur, að þú sér hann orðum frumvarta, eins og þú badst hina ódauðlegu gudi að þér mætti andnast. Hin vitra Penelopa svaradi henni: Eorynomia, mjög lætur þú þér um mig hugað, en þess vil eg biðja þig, að nefna það ekki við mig, að taka lang eða smyrja mig; því gudirnir, sem á Olympi blúa, hafa svipt mig veglyndi mínu, síðan að madurinn minn fór utan. Segdu nú henni Antónóu og Hippodamíu að koma; eg ætla að láta þær vera hjá mér í stofunni, því eg fyrirverð mig að ganga einsömul inn til karlmanna. Evi mælti hún, en hin aldrada kona gekk út úr herberginu, til að flytja

fonunum þessi bod, og segja þeim að koma. Hin blá-
eyga gyðja Atena hafði nú annað ráð með höndum:
hún brá sætum svefui yfir Þeríusdóttur, svo hún
hneig aptur á bak og sofnaði, urðu allir limir hennar
lémagna, þar sem hún sat á legubeknum. En á meðan
hún soaf, veittri hin veglega gyðja henni himneskar ást-
gjafir, til þess að Atkæum skyldi verða starshýnt á hana:
syrst ságadi hún hennar fríða andlit með himneskri seg-
urb, þvílíkri er hin sagurbeltada Rytarea ber á sig, þá
hún gengur í hinn ununarfulla dansflokk Pótkagyð-
janna; þvínæst gerði hún hana hávarnari og þrefn-
ari á að sjá, og hörundsbjartari en ságad sílsbein. Og
sem hin ágæta gyðja hafði aflafid þessu, gekk hún burt.
Nú komu hinar hvítarmudu þjónustumeyar út úr hers-
bergi sínu, og fóru með miklum glaumi. Bid það brá
Penelopa þeim vera blundi, hún strauk um vanga
sér, og sagði: mikid væran svefni þessi eg hafst, rannas
mædda kona! Eg vilði óska, að hin hreintísa
Artemis veitti mér nú þegar í stad eins hégan dauð-
daga, svo eg ekki framar þúfi að enda æfi minni í tár-
um og trega út af söfnudi eptir minn ástæra mann, sem
staradi fram úr öllum Atkæum að allskonar atgervi.
Ald því mæltu gekk hún ofan af þeim glæsilega loptsal,
og tvær þjónustumeyar með henni. En er hin ágæta
kona kom þángad, sem bidlarnir voru, nam hún stadar
við dyrustaf hins traustismidada húss, og hafði fyrir and-
liti sér smágjörva hofubblæu, og stóð sín þjónustumey
til hvórrar handar henni; urðu þá knjálidir bidlanna
magnþrota, því hjörtu þeirra urðu ástum heillud, og
lángadi þá alla til að samræfja henni. Hún tók þá
svo til orða við Telemakkus, sinn ástæra son: Nú er
ekki framar sú stadsesta í geði þínu, Telemakkus, eða

þau hyggindi, sem áður voru. Það bar jafnvel meir á hyggjuviti hjá þér, meðan þú enn varst ungur. En nú, þegar þú ert varinn maður og í broddi lífs þins, þegar jafnvel titlendur maður, sem sœi, hvað þú ert værtur legur maður og fridur sýnum, mætti segja, að þú værir sels manns sonur, nú er ekki lyndi þitt eða hyggja, eins og vera ber. Hvilíkt arháfi er það, sem hér hefir fram farid í höllinni, að þú skulir hafa látid vídgángast, að gesti þessum væri misbótid svo freklega! Heyr þú! vita skaltu það, að ef ókunnur maður verður fyrir svo sársum hrafningi meðan hann er í vorum hýbhlum, þá muntu þar af hafa smán og svívirðingu af hverjum manni. Þinn greindi Telemakkus svaradi þennu: Ekki láti eg þér, móðir mín, þó þér þyfi fyrir af þessu. Fyrir meir var eg sem barn, en uti hefi eg fullt vit, og sé, bæði það sem vel má fara, og eins hlet sem midur fer. Þó get eg ekki haft eins viturlega fyrirhyggju fyrir öllu, sem skyldi; því þessir illviljndu menn setjast að mér hvar á fatur öðrum, og gleypa fyrir mér, en aðstodarmenn hefi eg aungva. Ekki fór þó bardagi gestisins og hans Drusar, eins og bidlarnir mundu óska að hafa, því gesturinn bar herra hlut. Þadur Seisfur og Atena og Appollon! eg vildi óska, að bidlarnir lægi niðrífomir og máttvana í vorum húsum, sumir í forgardinum, sumir inni í höllinni, og væri nú eins nidarlútur, og hann Drus núna, sem situr í forgarðsdyrunum, og hengir nidur hausinn, sem drukkinn maður, getur ekki stadið réttur á fótum, og ekki komist þángað sem hann á heima, svo er hann magupróta. Þaung tölundist þau við, mæðginin. Þá sagði Þorýmakkus við Penelopu: Dóttir Þearíus, vitra Penelopa! ef allir þeir Akkear sáu þig, sem búu í þinni íastíka Ar-

glálandi, þá mundu fleiri bidlar að veizlu sitja í húsi um ydru á morgni hvörjum; því þú ber af öllum konum bæði að væuleif og verti og að jafnabargedi. Hin vitra Penelopa svaradi honum: Ertýmaffus, hinir ódaublegu gudir hafa drepid niður atgervi minni, verti og væuleif, síðan Argíar fóru upp til Ílusborgar, og Odysseifur, madurinn minn, með þeim. Ef hann væri nú heim kominn að annast þú mitt, þá mundi vera meira og segja af mér að freita. En nú er eg hugsjúk, því gud hefir látið svo margt mótlæti að mér stédja. Adur en Odysseifur fór úr landi, tók hann um útlitid hægri handar minnar, og kvad svo að orði: Það er grunur minn, kona, að hinir harðbrynjudu Akkear muni ei allir heilir heim aftur koma frá Trójborg; því sagt er, að Trójuveru: senn hraustir bardagarmenn, bæði góðir stormenn og bogmenn, þar með góðir riddarar, sem skjótast mega umskipti gjöra í stórum fótkorustum. Veit eg því eigi, hvort gud lætur mér heimkomu auðid verða, eða muni eg falla þar í Trójulandi. Nú skaltu hafa umsjá fyrir öllu, sem hér er, annast fædur minn og móður mína, sem heima eru, eins og þú getir nú, edur jafnvel betur, meðan eg er í burtu. En þegar þú sér, að sonur okkar er frumvaxta, þá skaltu giptast þeim manni, sem þér er að skapi, og fara burt úr húsi þínu. Svo mælti hann, og mun nú allir þetta fram koma; því sú nótt mun koma, þá hin sagnadærlausa gipting verður mitt hlutfall, vesallar konu, sem Seifur hefir svipt allri hamingju. Eitt, sem tekur mig sárt í hug og hjarta, er það, að það var ekki síður bidla fyrir mér, að hafa sér þannig. Þeir, sem vilja bidla sér gæfugrar konu og ríks manns dóttur, og nokkur metningur er í, þeir fara heim til brúðurinnar

nart og fætt sandfæ, til mannfagnadar handa vínun meyrarinnar, og gefa henni sagrar gjafir, en hafa ekki þann síð, ad eyða fjármunum annara bótalauft. Eyo mælti hún, en hinum margþjáða, ágæta Odysseifi þókri vœnt um, ad hún lofkadi af þeim gjafir, og hylti þá med sagurgali, þar sem hún þó hafði annad í hyggju. Antínóus Eupíteefon svaradi henni: Dóttir Íkaríus, vítra Penelopa! þigg nú þá gjafir þær, er hvœr Afífea vill hínagð færa; því vande er velbodnu ad ueita. En ekki munum vér fyrir hverfa til heimfynna vorra, eða fara uokfud annad, en þú gengur ad eiga þann af Afífeum, sem gófgastur er. Eyo mælti Antínóus, og lífadi biðlunum vel tillaga hans. Eendi nú hvœr þeirra síun kallara til ad sækja gjafirnar. Einn færði Antínóusí stóran, þrýðilegan mottul, alla vega litan, á honum voru ekki færri en 12. krókapor úr gulli, sem sellu í fallega beygðar lyftjúr. Annar færði Eorýmakíusi haglega tilbúna hálsfesti úr gulli, hún ljómadi eins og sól, því kastarnir í milli voru af lyfígukki. Tveir sveinar færðu Eorýdamanti vœndub eyrnagull med þremur tolum í, stein af þeim mikil segurb. Einn sveinninn kom med hálsgjœrd heiman frá hœfðingjanum Písander Polýktorsfyni, það var hin segursta gerseni; og sína gjöfina færði hvœr af Afífeum, voru það alle sagrar gjafir. Eptir það geff hin ágæta kona upp á lept, fóru þjónustumeðarnar med henni, og báru þær sögru gjafir.

Nú fóru biðlarnir hángad sem dansleikurinn var og hinn ununarfulli saungur, stemtu sér þar, og biðu þess ad kvœdbadi; og meðan þeir voru ad þeirri stemtan, datt það dimma kvœld á. Samstundis létu þeir upp setja í höllinni þrjá eldpalla, til ad lýsa höllina; lögðu þeir í kríng á pallana þutladan eldivíð, fyrir laungu

Ífráknadan og gagnþurran, úrklofinn með ört, þar létu
 þeir og blys á meðal; gengu ambáttir hins þolgóða
 Odysseifs að til slíptis, og glæddu eldana. Sínn sef-
 borni, ráðagóði Odysseifur talaði þá til þeirra: Þér
 ambáttir Odysseifs konungs, þess er lengi hefir á burtu
 verið, gangið til þeirra herbergja, er hin virðuglega
 drottning byggir, sitjið þar hjá henni í herberginu, henni
 til stéttunar, og spinnid band eða kumbid ull. En eg
 skal annast, að aungvum þessara skal ljós skorta; því
 þó þér vilji vaka til lýsingar, skal ekki bilbug á mér finna,
 því eg hefi mjög margt þolad. Evi mælti hann, en
 þær hlóu, og létu hvör upp á adra. Þá atyrðti hann
 hin kinnfagra Melantó smánarlega. Þadur hennar hét
 Dolíus, en Penelopa ól hana upp, sem hún væri dóttir
 te hennar, og gaf henni barnagull til að leika sér að.
 Þó gekk henni ekki til hjarta sú hugraun, sem Penelopa
 hafði, heldur lagði lag sitt við Eurymaffus,
 og unni honum. Hún atyrðti Odysseif með þessum
 smánnar orðum: Þú ert eitthvað ekki með öllum innalla,
 gestur hinn vesall, þar sem þú vilt ekki ganga út í smíð-
 ju eða út í skrofhús (stála) til að sofa, heldur slótle
 hér og lætur allt á þér vada. Eða er þessi ofkæti í
 þér, af því þú hafðir sigur yfir húseganginum, honum
 Trusi? Það skyldi ekki verða, að einhvört gengi senn til
 móts við þig, sem meiri væri fyrir sér, en hann Trus,
 berði þig um höfudid með hnúum og hnufum, og tæki
 þig svo alblóðugan út úr stofunni. Sínn ráðagóði O-
 dysseifur leit til hennar reiduglega, og sagði: Og jeg
 skal upp á stundina fara til hans Telemaffusar þarna
 og segja eptir þér, tæsan þína, fyrir ordin, sem þú
 brúkar, svo hann skal hoggva þig í sundur líd fyrir líd,
 þar sem þú stendur. Evi mælti hann, og skaut með

Þessum orðum ambáttunum stólk í brágu; Þær flýtu sér út úr stofunni, og fljógröndi undir þeim sæturnar af hræðslu, því þær huguðu, að honum væri alvara. En hann nam stadar hjá eldpostunum, og gerði að logunum, og hafði augun á öllum postunum, en var þó að hugsa um annað með hjálsum sér, sem seinna kom fram. Alena lét þá vestu bidla ekki með öllu hærta möðgandi smáns atordum, til þess Odysseifi Laertesyni skyldi verða ein sárara í skapi. Þorýmaffus Polybusson tók svo til orða við bidlana, og dró spott að Odysseifi, því hann vildi koma félögum sínum til að hlæa; Hlyðid til, þér bidlar ennar víðfrægu drottningar, meðan eg segi það sem mér dettur í hug. Ekki hefir þessi maður komid í höll Odysseifs án einhverrar sérlegrar ráðstöfunar guds. Mér sýnist bjarmi leggja út af honum og upp af höfði hans, rétt eins og af blysunum; því ekki sést minnsti vottur til hára á höfði honnum. Að því mæltu sagði hann við Odysseif borgabryót: Ertli þú vildir, gestur, verða kaupamaður hjá mér, ef eg vildi taka þig, til að tína saman þyrna og gróðursetja hávarsin tré á einhverju úrbúi mínn? Þú skyldir fá nægilegt kaupgjald, og nógan matinn skyldi eg þá gefa þér, og set utan á þig, og sko á sæturnar. En eg býst ekki við, að þú nennir að ganga að vinnu, þar sem þú ekki hefir öðru vanið en ómennsúverfum einum; hitt mun þér ljúfara, að ganga um bygdir og sníkja þér út mat til að láta í hit þína, sem aldrei verður fyllt. Þinn ráðagóði Odysseifur svaradi honnum og sagði: Þú segdir annað, Þorýmaffus, ef við ættum báðir að leppast hvör við annan í vinnu, einhverstadar þar sem loðið væri, á vortíma, þegar dag væri farid að lengja, og skyldi eg hafa fallega lagadan ljá, og þú annan, eins

góðan; skyldum við svo reyna okkur, hvort betri verk maður væri, og vera fastandi allt til rækturs, en grasid skyldi vera nóg. Éða þá, ef við hefðum tvö uant að keyra, þau skyldu vera útvalin, brúðótt, stór, bæði vel alin, jafngömul, jafustærk og óbilug til þols, skyldum við hafa sjögur plöglönd að erja, og jarðvegurinn láta vel undan plögnum: þá skyldir þú sjá, hvort eg gæti haldið einlagt fram belni risunni. Éða þá, ef Krónusson léti einhvörn ófrid að hendi bera í dag, og eg hefði skjöld og tvö spjót, og hjálm, allan úr eiri gjörvan, sem vel félli að hösti mér: þá skyldirðu sjá, hvórninn eg skyldi berjast í bjósti fylkingar, og þá skyldirðu ekki þurfa að briggja mér um hirtla. En þú ert ofstopafullur og óunglega lyndur, þykist mikill fyrir þér og hafa bein í hendi, af því þú ert með fáum mönnum, og aungvum þeim, sem dád fé í; því ef Odysseifur væri heim kominn í fæðurland sitt, þá spái eg, að þó hallar: dýrnar hérna séu ærid víðar, mundu þar þó verða þér þraungar útgaungu, þegar þú færir að stíga fram eftir forðyrinu og úr. Evi mælti hann, en Þorýmáttus varð við þetta afarreidur, leit til hans illilega og sagði: Eg skal seun gjalda þér það grálega, þú armi gestur, að þú talar svo djarslega í margmenninu, og sést ekki fyrir. Annaðhvort er, að vinnid hefir svið á þig, ellegar þetta er þitt lundarlag, sem alltaf lodir við þig, að hreyta fram ónýtum ordum. Þá hann hafði þetta sagt, tók hann fótafförina, en Odysseifur settist niður hjá kújam Amfinomusar frá Dúlíksey, því honum stóð ótti af Þorýmáttus; en Þorýmáttus laust hægri hönd byrlarans, svo vatuskannan féll og skall í gölfid, en hann rak upp hljóð, og datt upp í loft á jörðina. Verdu bidlarur nú mikinn hávada í þeim fluggalegu

herbergjum, og þá sagði einhverre þeirra, í því hann leit til þess, er næstur honum sat: Það væri óstandi, að þessi gestur hefði bedid bana einhvörstadar annarstadar á flakki sínu, áður en hann kom hingað; þá hefði hann ekki valid hér slíka spyrjöld. Nú þar á móti þráttu um vér um fátæka fornumenn. Það er ekki von, að nokkur ánægja geti orðid að góðri veizlu, þegar það ræður, sem verra er. Sá ágæti höfðingi Telemakkus talaði þá til þeirra: vesalir menn, þér tafið nú til að gjörast óðir, og fáið nú ekki dulid, að þér hafið neytt matar og drykkjar í óhöfi; það er eins og einhverr gud æfi yður upp. Nú er ráð, þar þér hafið snæðt til hlítar, að þér gangid heim, til að taka á yður náðir, þegar yður þykir mól til sjálfum; því eingum vísa eg á burt hédan. Evo mælti hann, en þeir bitu allir á varitnar, og furdadi á, hvað Telemakkus var djarf-mæltur. Þá tók Ulimfinómus til orða og sagði: Einginn má reidast saunmælunum, góðir menn, eða svarta þeim illu. Látið nú af að hrekja gest þenna, eða nokkur af þrælum þeim, sem eru á heimili hins ágæta Odysseifs. Nú skal byrlarinn stenkja á bordkerin, stulum vér þá dreypa dreypisörn, og að því búnu ganga heim, að taka á ofs náðir, en láta Telemakkus annast gestiinn í herbergjum Odysseifs, því hann leitadi hælis í hans húsi. Evo mælti hann, eg féll þeim öllum vel í ged, það sem hann sagði. Þólfingurinn Núlins, kallari frá Dúlíksey, blandadi vínið í skaptkerinu, hann var þjón Ulimfinómusar; hann gekk til hvors manns, og fékk hvorjum sínu bikar; en þeir dreypu þeim sælu gudum, og drucku svo hid hunángsæra vín. En er þeir höfðu dreyptr, og druckid, sem þá lysti, gekk hvorr heim til sín, og fóru að háta.

Odysseifs drápa.

Títtjándá bókk.

Smntak: Odysseifur og Telemakkus koma vopnum undan. Odysseifur átal við Penelope, og segir henni frá ferðum sínum, hún lætur gjöra honum fótlang, og þá hekkir Euryklea, fóstura hans. Hann á æri á sætinum eptir sár, sem hann fyrr meir hafði fengid á dýraveidum. Penelope segir Odysseifi draum sinn; hún ræður það af, að giptast þeim af bidlun hennar, sem bogsterkastur sé og beinskeytastur; því næst gengur hún til hvílu.

Sinn ágæti Odysseifur var nú eptir í höllinni, og var að hugsa um að fyrirfoma bidlunum með tilhjálpi Atenu. Hann taladi þá þegar til Telemakkusar stjótum orðum: Nú skaltu taka öll hervopnin og láta þau lú; en þegar bidlarnir sakna þeirra, og fara að spyrja þig að þeim, þá skaltu tala til þeirra blíðlega svo feldum orðum: Eg tók þau úr reiknum, skaltu segja, þau eru nú ólík því, sem þau voru forðum, þegar Odysseifur skyldi þau eptir, áður hann fór til Trójuborgar, því það hefir fallid á þau, þar sem svælin hefir náð að komast að þeim: Þar að auki skaut einhverr gud, skaltu segja, í brjóst mér nokkuru, sem meira varðar: ef svo kynni til að bera, að þér yrðud víndrúfkuir, að deila kæmi meðal yðar, þá vildi eg ekki, að þér bærust vopn á, og gerdud þar með veizluspjölli

og smámutud bónoðr yðar; því hjálft labar vegaða vopn. Eðr mælti hann, en Telemachus gerði, sem fadir hans bauð, kalladi á Eurykleu, fóstur sína, og sagði: Verðu nokkud fyrir m'g, fóstur mín, að þú haldr ambáttunum inni í herbergjum sínum, meðan eg kem fyrir þeim ágætum vopnum fædur míns uppi á geymslu-loptinu; þau hafa legið hér í stofunni umhirdingarláus, af því fadir minn hefir ekki verið við, og hefir því fallið á þau í reyfnum. Eg hefi hringað til verið athugalaust um þau, en nú ætla eg að hirta þau þar, sem reyfjars svælan kemst ekki að þeim. Hin færa fóstur Euryklea svaradi honum: Eg vilði óska, sonur sáall, að þú fengir þó einhversrítima skyndragð á, að aupað heimilið og gæta allra eigna þinna. En heyrðu til! hvers á að fara með þér, og halda á ljóssinu, sprest þú þannar ambáttunum að ganga fram? Því annars gætu þar lýst þér. Sá greindi Telemachus svaradi henni: Það skal gesturinn þarfa gera; því aungvaun þann, sem er á mínum kosti, vil eg láta vera yðjulausana, enn þótt lángferdamadur sé. Eðr mælti hann, en hún hugfesti orð hans, og staut lofu fyrir dyr hjóna byggilegu herbergja. En þeir spruttu upp, Odysseus og hans frægi sonur, og báru inn hjálmana, þá hjúgrendu skyldi og hin oddhvöfðu spjót. Pallas Athena gekk á undan þeim, og héldt á gulllampa, og lét bjart verða allt í krúgum þá. Þá sagði Telemachus við fædur sinn: Mikil furða er þetta, fadir minn, sem nú ber fyrir augu mér; mér sýnist stofuveggirnar, hinar sægru veggjar lautar, furusyllurnar og hinar háttguæfandi síður ljóma allar, eins og logandi eldur. Hér er víst inni einhverr af þeim gudum, sem byggja hina víða himin. Hinn ráðagóði Odysseus svaradi honum og sagði: Þegi þú,

geym þetta með sjálfum þér, og grenslast ei þar eptir. Þetta er vandi gudanna, sem á Olympi búa. Gælt nú til hvílu, en eg ætla að verða hér eptir, til þess að erta ambáttirnar, og vekja enn fremur uýlingagirni móður þinnar, sem sorgbitin minn spyrja mig allskonar tíðinda. Svo mætti hann; gekk Telemakkus þá með logandi blisum út úr stofunni, til að háttu í því svefnherbergi, sem hann áður var vanur að hvíla í, hvort sinn sem sætur svefn kom á auga hans. Hann lagdist nú og þar til svefns, og beid lýsingar. En hinn ágæti Odysseifur var eptir í stofunni, og var að hugsa um að fyrirfoma bidlumum með aðstod Atenu.

Hin vitra Penelopa gekk nú út úr herbergi sínu, líf Artemis eða hinn gullfögru Afrodítu. Málágt eldinn var settur legubekkur handa henni, sem hún var væn að sitja á; hann var lagdur sílébcini og sílfri, hafði smíðurinn Ikmalíus smíðað þann bekk forðum, og gert undir nidri sótasskrú til að standa á, og var hinn áföst við bekkinn sjálfan, en yfir bekkinn var breiðt stórt gærnsfínn. Hin vitra Penelopa settist á þenna bekk. Þá komu ambáttirnar fram úr herberginu, og tóku kurt alla vístina, sem og bordin og þau bordfór, sem þeir ofurhugudu bidlar höfðu aðrukkid; þær steyptu elsinni á gólfid úr eldpottunum, og hlóðu þar á aptur miklu af nýjum eldivid, til að lýsa og verma stofuna. Þá athyrðti Melantó Odysseif í öðru sinni, og sagði: ætíardu enn þá, gestur, að reika hér um stofuna, og þad á náttarþeli, svo einginn hefir nærð fyrir þér? ertu á gægjum eptir okkur kvennsólfínn? Færdu á dyr, aumínginn þinn, og láttu þér nægja, að þú hefir fengið matinn í þig, ellegar jeg skal fleygja í þig eldivrandi og reka þig út. Hinn ráðagóði Odysseifur leit til

hennar með reidisvip, og sagði: Svad kemur til, ambáttin þín, að þú slást sona upp á mig í vondsku? Er það af því, að eg er óhreinn og í vondum forum, og bið mér ólmusu um bygðarlög manna? En neyðin þrýstir mér til þess; fátaklingar og forumenn eiga þátt í slíku. Þar voru tíðirnar, að eg átti og hamíngjurláni að fagna og átti aldugt bú, gerði eg þó mörgum forumanni gott, sem til mín kom, hvorsu aumlegur sem hann var, og hvors sem hann viðþurfti. Eg átti og ótal þræla, og marga hluti aðra, sem þeir einir eiga, er velsældarmenn eru og aummenn eru kalladir. En Seisfur Brónns-son brá þessu láni, því sá hefir verið hans vilji. Eins mátti svo fara, að remlætið lætlaði í þér, konukind, sem þú nú hefir um fram aðrar ambáttir. Svört veit, nema húsmóðir þín reiddist þér fyrir eitthvad, og láti þig kenna á hordu, eða þá að Odysseifur komi heim, því ekki er eun fyrir von komid um það. En þó hann væri undir lok líðinu, og hans eigi frammar heim von, þá er þó Appolloni svo fyrir þakkanda, að Odysseifur á esnilegan son, þar sem Telemakkus er, sem nú er kominn á þann aldur, að hann hefir gát á, ef einhver ambáttin er offreljusfull á heimilinu. svo mátti hana, en hin vitra Penelope heyrði, hvad hann sagði; hún deildi þá á þernuna, tók til orða og sagði: Fullvel veit eg, þú djarfa og ósvífna ambátt, hvort stórræði þú hefir með höndum, og mun það sjálfri þér í koll koma. Þú hafðir þó heyrt mig sjálfa segja, svo þér var það fullkunnugt, að eg ætlaði að spyrja gestina að manni mínum hér í hollinu, sökum þess að sorgin gengur svo fast að mér. Að því máttu talabi hún til matsefjunnar Þorýnómu: komdu hingat með stól, Þorýnóma, og breiddu felð

yfir hann, skal gesturinn sitja þar á, og skulum við hafast ord vld, því eg vil spyrja hanu tíðinda. Ego mætti þín, en Euryónóma brá við skjótt, sókti stól og setti fram á gólfid, og breiddi yfir hann gærufinn. Ad því búnu settist hinn þolgóði, ágæti Odysseifur á stólinn, en hin vitra Penelopa tók svo fyrri til máls: Þyrst vil eg spyrja þig, gestur, ad því, hvort þú sért, og hvorra manna; hvar áttu heimta, og hvar þína for- eldrar þínir? Þinn ráðagóði Odysseifur svaradi henni og sagði: Trandlega mun nokkur sá dandlegur madur finnast í vldri veröldu, sem leggi þér last til, drottning, því frægd þín fer svo lángt, sem himininn nær; þad fer ord af þér, eins og af einhvörjum ágætismanni eða þeim gúðhræddum konungi, sem rædur yfir sjólmennri og hraustri þjóð, og verndar lög og réttindi; af því skjórnin fer honum giptusamlega úr hendi, þá ber hin dýrkva jörð hveiti og bygg, tíen svigna af aldinum, ærnar eiga lombin óðum, og fíflurinn gengur ad land- sinn, svo ad landsfélkíð lifir sælu lífi undir hans stjórni. Þessvegna skaltu mí heldur spyrja mig ad einhvörju öðru hér í holl þinni, en fréttu eptir ætt minni og fædurlandi mínu, svo þú ekki fyllir huga minn med enn meiri sorgum, þá eg minnist þess; því eg er mikill raunamadur. Mér sómir ekki heldur, ad sitja kveinandi og grátandi í annara manna þúsum, eins og þad ekki er hollt fyrir mann, ad vera ætíð síspyrjandi. Vera kann lífa, ad einhver ambáttama, edur og þú sjálf, láti mér þad, og halði, ad eg skjóti í tárur, af því eg sé ólvadur. Þin vitra Penelopa svaradi honum: Gestur, þínir ódandlegu gúðir hafa drepid niður atgervi minni, bæði verti og vänleik, síðan ad Argíar fóru upp til Ílusborgar, og Odysseifur, madurinn minn,

med þeim. Ef hann væri nú heim kominn að aunaþi
 þú mitt, þá mundi vera meira og fegra til mín að
 spyrja. En nú er eg sorgbitinn, þar ed Guð hefir
 látið mér svo margt mótlæti að hendi bera. Þessvegna
 finni eg hvorki gestum, né naubleikamönnum, né heldur
 sendimönnum, sem fara í alþjóðleg erindi; því hjarta
 mitt er vanmeguad af sökandi eptir hann Odysseif
 minn. Vidlarnir vilja flýta giptingu minni, en eg beiti
 brogðum við. Fyrst blés einhver guð mér því í brjóst,
 að eg setti upp mikinn vef, og óf smágjarva og um
 málsmikla vob í hvergi mínu. Síðan sagði eg til
 þeirra: Þér úngu menn, sem nú biðjið mín, þar ed
 Odysseifur er dáiinn, biðid, þó yður sé aunt um að ná
 ráðahag við mig, uns eg hefi lofið við dúkinn, því
 mér er ekki um, að vesturinn verði mér ónýtur; það
 á að verða náklæði handa æðlingnum Laertes, þegar
 sú fláðræna Banagðja, sem ræður fyrir dauðanum,
 er mauninn leggur flatan, hefir yfirbugað hann. Því
 vera kann, að konur Afkeá hér í landi láti mér, ef
 hann liggur umbúðalaus, svo audugur maður. Evi
 mælti eg, og féllust þeir á þetta; óf eg svo hinn mikla
 vef á daginn, en rakti upp aptur á næturnar við ljós.
 Þannig fékk eg leynt þessu í þrjú ár, svo Afkeá
 grunuði ekki. En er það fjórða ár gekk í garð, og
 ný misfæri komu að hendi, þá voru þernurnar svo ó-
 söfnar og flæytingarlausar, að þær komu öllu upp um
 mig, komu þeir þá að mér, þar sem eg var að verk-
 inn, og átöldu mig hardlega. Þannig neyddist eg til
 að ljúka við vefinn, þó mér væri það móti flapi. Get
 eg nú ekki lengur undan ráðahagnum flórazt, og hefi
 eingin úrræði frammar; því foreldrar mínir reka eptir
 mér að giptast, og sonur minn unnið illa sínum hlut,

Þíðan hann er orðinn þess víðari, að bíðlarnir eta upp eigur hans. Því nú er hann orðinn fulltíða maður, svo hann er fær um að veita búinu forstöðu, og Seisfur er tekian til að veita honum vörðingu. En hvað sem þessu líður, þá seg mér nú ætt þína, og hvaðan þú ert upprunninn; því ekki muntu vera komian af fornri eif, eða úr hömrum hlaupinn. Hiun ráðagóði Odysseifur svaraði heuni og sagði: Þú heidvirkta kona Odysseifs Laertessonar! ætlar þú enn ekki af að láta að spyrja mig um ætt mína? Eg skal þá segja þér frá henni. Að sonnu muntu víð þetta auka á þá sorg, sem eg nú hef; því von er, þó þeim manni sé sárt í skapi, sem eins lengi hefir í burtu verið frá fæðlandi sínu, eins og eg, hrakst um mörð byðarlögmauna, og þolad ymsar raunir. Eigi að síður skal eg segja þér frá því, sem þú spyr mig að og þér er forvitni á að vita.

Midt úti á því dymma hafi er land nokkurt, sem heitir Krítey, það er sagurt land og frjóssamt, og umflotíð af sjó. Þar búa svo margir menn, að varla verður tölur ákomid, þar eru nú tígir borgar, og skiptast þar tungumál mýg ýmislega, því þar eru Akkar, þar eru hinir hugstöru Frumkríteyíngar, þar eru Rýðónar og hinir Þríðeildu Dórar, og hinir ágætu Pelasgar. Ein af þessum borgum heitir Knósus; þar var Mínos konungur í níu ár, málvinur hins mikla Seifs; hann var faðir fædur míns, hins stórhugada Devkalíons. Víð vorum synir Devkalíons, Idomeneifur konungur og eg. Idomeneifur fór á stafnbognum flípum til Ílusborgar með Utreifsönnum. Nasn mitt er allfrægt, eg heiti Eton, var eg ýngri að aldri, en bróðir minn var eldri og meiri fyrir sér. Þar fé

eg Odysseif, og gaf honum gestgjafir; því þegar hann
 ætlaði til Trójuborgar, þá hrakti stórvidri hann frá
 Malíuhöfða, og bar hann til Kríteyar; hann kom
 skipi sínu upp í Minnífusa, þar sem heilir Mlýru er,
 þar var hættuleg höfu, og komst hann nauduglega undan of-
 viðrinu. Undir einu og hann kom til borgarinnar, spurði
 hann að Idomeneifi, kvadst hann vera ástær og heiðs
 virður gestfélagi hans; en hann var þá sariun með
 þau stafubogun skip til Ílusborgar fyrir 10 eða 11
 dögum. Eg leiddi Odysseif heim til hallarinnar, og
 tók honum gestbeiulega, og gerði við hann ástúdlega,
 því gnógt var til innan hallar; gaf eg honum og fé-
 lögum hans, sem með honum voru, byggmélakotur og
 skært vín og naft til sláturs, að þeir hefðu það til
 sadnangs sér; sáfnadi eg þeim gjöfum hjá alþýðunni.
 Þinnir ágætu Affear dvöldu þar 12 daga, því þeir
 voru vedurfastir í norðaustorni svo hvössum, að ekki
 var stædt á laudi, hafði einhverr guð gert það vedur í
 reidi sinni. Á þrettánda degi féll vedrid, og lögðu
 þeir þá til hafs. Þó all þessi saga væri uppdiktud,
 kom hann henni þó fyrir svo líkindalega, að hún sýndi
 íst sennileg. Og sem Penelopa heyrði söguna, þá
 hrundu henni tár, og yfirlitur hennar hjadnadi. Eins
 og sújór, sem drífid hefir í útnyrðingi, þyðnar á háfum
 fjöllum í landsýmnings hláfu, svo vortur kemur í árnar
 ar við leyfinguna: eins hjöndu hennar fridu kinnar,
 þegar hún úrjós tárnum, og grét manninn sinn, sem
 þá sat hjá henni. Odysseifi gekkst hugur við sorgar-
 kvein konu sinnar, en þó stóð augun í honum og bærð-
 uft ekki, heldur enn í þeim væri horn eða járn; svo
 varðist hann tárnum kænlega. En er hún hafði svalt
 að sér á þeim táruga harmi, tók hún aptur til orða,

og sagði við hann: Nú ætla eg að gera rann til, gestur, hvort þad sé satt, sem þú segir, að þú hafir gíft mann minn og hans ágætu förmanta í höll þinni. Þýstu fyrir mér að nokkurn klæðnum þeim, sem hann var í, og hvornig hann sjálfur var í hátt, svo og félögum þeim, sem með honum voru. Þinn ráðagóði Odysseifur svaraði henni og sagði: Þágt verður fyrir mig, drottning, að segja þér það, þar sem svo langt er, síðan við höfum sést, því nú er á tuttugasta ár, síðan hann fór þaðan, og burt frá fædurlandi mínu. Elgi að síður skal eg segja þér það, sem mig vekur minnt til. Þinn ágæti Odysseifur var í skjólgóðri purpurastíkkju tvíbrottinni, á henni var gullpar með tveimur augum. Graman á parinu var gert hagvirki: þar var á hundur, sem héldi á flekkóttum hindarkálfi í framlöppunum, og hvesti rakkinn augun á kálfinn, meðan hann var að sprílla; en á því furdudu sig allir, hvorsu það var gert, að hundurinn hvesti augun á kálfinn, meðan hann var að kyrkja hann, og hvornig kálfurinn spríkladi fótnum, til þess að losa sig, og þó voru þeir báðir úr gulli gerdir. Eptir því tók eg líka, að Odysseifur var í ljómanða fyrtili, hann var eins mjúkur og hlinn á þurru hnapplauk, en svo lýsti af honum, sem af sólu; varð mörqu af kvennsóltinu næsta starfhynt á hann. En eitt vil eg segja þér, sem þú skalt taka eptir: það veit eg ekki, hvort þetta var hvors dags klædnadur hans, eða hafði einhverr af vinnu hans gefið honum þessi klæði, þá hann gekk á skip sitt, eða þá einhverr gestfélagi hans; því Odysseifur var vinsæll af mörgum, og fáir voru honum líkir af Atkennum. Eg gaf honum eirsverd og fallega purpurastíkkju tvíbrottu og dragfyrtil, og lét fylgja honum til skips með mikli

um virktum. Kallari nokkur var í för með honum, litlu eldri en Odysseifur; eg skal segja þér, hvorninn hann var í hátt: hann var boginn í herdum, doffur á hornuðelit og hroflinhardur; hann hét Eurybates, virðti Odysseifur hann meir en adra forunnanta sína, því hann var honum lyudiðlíkur.

Evo mætti hann, og vakti með þessari sögu upp hjá henni enn meiri sorgar laungun, því hún kannadist við þar jarteiknir, er Odysseifur lýsti svo glögglega fyrir henni. En er hún hafði svalað sér á þeim tárunga haumi, þá svarði hún honum aptur og sagði: Þó þú, gestur, hafir áður fyrir mér verið auðmúleysingur, þá skal eg þó nú hafa þig í karleikum og virðingu, meðan þú ert í holl minni; því eg tók sjálf þessi flæði, rétt eins og þú lýsir þeim, úr geymslusalnum, og fékk honum þau samantötu; eg hafði sjálf látið það fallega par á stikkjana, honum til bíningsbótar; en mannfaminnun fór eg aldrei að sjá aptur, heimkominn í sitt færa fædurland. Hefir því Odysseifur illu heilli farir þessa sjóferð til að sjá ólánsborgina Ithuborg, sem eg aldrei má nefna. Þinn ráðagóði Odysseifur svarði henni og sagði: Þú heidvirda kona Odysseifa Laertessonar, ó seidda þú eigi lengur þinn fagra litahátt, og lát eigi hjarta þitt sundur renna af haumi eptir mann þinn! Og láti eg þér það þó ekki; því hvort kona, sem misir eigi inmann sinn, sem hún hefir átt börn við, grætur lát hans, enn þótt hann ekki væri annar eins maður og Odysseifur, sem menn segja líkan vera gudunnun. Hættu þessum haumi, og tók eptir því, sem eg segi; því eg skal segja þér fyrir satt, og ekki leyna þig því, að eg frétti nýlega í Tesprótalandi hér nálægt, að Odysseifur er á lífi, og hans bráðum heim von; hefir hann

medferðis margar ágætar gersemar, sem hann hefir feugid þar í landiun gefins; en sína tryggu forunauta og skip sitt misti hann á því dimma hafi. Þá hann fór frá eyinni Trinakíu, því bæði Seisur og Selíus voru honum reldir, fyrir það að forunantar hans höfðu drepid naut Selíusar; sórust því allir félagar hans á því brimórta hafi, en aldan rak sjálfan hann upp að landi á skipstjölnum við land Seaka, sem eru jafusælir gudunum; þeir tóku honum ástamlega, eins og hann væri einhvört af gudunum, gáfu honum stórgjafir, og vildu greiða for hans heim. svo honum yrdi við aungvu hætt. Þyrir taungu hestí Odysseisur getað verid hingat kominn, en honum hefir þótt betra, að fara víta um lönd og afla sér hjár; því svo var Odysseisur hvörjum mauni sédari, að enginn þurfti við hann að keppa. Þetta sagði Sídon mér, Tespróta konúngur, og fór að mér áheyranda, þá hann var að dreypa dreypisörn í höll síni, að skip hans væri framm sett, og menn til farar ráðnir, sem skyldu flytja hann heim í sitt kára fædurland. En mig lét hann fara frá sér áður; því svo stóð á, að eitt skip, sem Tesprótar áttu, ætlaði til hinnar hveitisfrjósu Dúlíkseyar. Kóngur sýndi mér og alla þá hjármuni, er Odysseisí höfðu bættst; og held hann gæti fædt annan mann til, allt fram á tíunda mannsaldur, svo voru þær gersemar margar, sem hann átti í geymslu í herbergjum konúngsins. Konúngur kvad hann ferðast hafa til Dóðónu, til þess að heyra, mudan því hálaufgáða eikitré gudsins, hvada ráð Seisur legði til, hvört hann skyldi koma heim til slus kára fædurlands eptir svo lánga burtveru á allra manna vitordi eða leynilega. Eptir þessu er þá Odysseisur enn þá á lífi, og mun bráðum heim koma, mun hann ekki lengi hér epti

ir fjærvistum vera frá vinnu sínum og fæturlandi, og em eg alþúinn að vinna þér eitt að þessu. Viti þad fyrst Seisur, sem æðstur er og máttugastur gudanna, viti þad eldstalli hins ágæta Odysseifs, sem eg nú er til forðinn, að allt skal þad rætast, sem eg nú segi: Odysseifur mun koma hér til lands um næstu mánaðar mót á þessu ári, sem nú yfirfendur. Hin vitra Penelope svaradi honum: Eg vilði óska, gestur, að þetta rættist, sem þú segir; þá skyldi þú fá góðan greida og margar gjafir hjá mér, svo að hvort, sem yrði á vegi þínum, skyldi telja þig lánemann. En þad er hugbóð mitt, og þad mun sannast, að hvortki mun Odysseifur framfar þeim koma, né heldur þú fá hér nokkurn fararþeina; því nú eru ekki hér á heimili aðrir eins forðgáungsmenn, og Odysseifur var, meðan hans naut við — ávallt er mér eptirgjöf að honum! — hvortki til að taka móti virðuglegum gestum, né til að veita þeim fararþeina. Farid nú, þjónustumeyar, og geid gestinum fótlaug, blíð honum hvílu og settid til rúms með yfirhöfnum og glæsilegum glitabreiddum, svo honum verði vel hlýtt til morguns. En árla á morgun skalud þér lauga hann og smyrja, svo hann geti setid að dagverði í stofunni með Telentaðfusi; en hvortki á af biðlunum, sem þáprannar manni þessum og móðgar hann, skal sjálfan sig fyrir hittá, fá maður þessir ekkert héc að gera þadan af, hvort sem honum þykir betur eða midur. Þri hvørsu máttu vita, gestur, hvort eg er fyrir öðrum komum að hyggindum og ráðsnið, ef þú situr að veizlu í höskinni óhreinslegur til fara og illa kúinn? Etkomm er hervoistur ar dvöl mannanna. Hvortki á sem tjáir sig harðhjartadan og er grimmar í slapi, honum biður hvort maður bóls, svo lengi sem hann lifir, en þegar hann er látinn,

spotta hann allir. En sá sem er góður maður og tjáir sig sem góðan mann, hans lofsér víðf. ægja ófúnnir menn um öll lönd, og margir menn tala vel um hann. Þinn ráðagóði Odysseifur svaradi henni og sagði: Þú heidvirda kona Odysseifs Laertessonar! eg skal segja þér það fyrir satt, að þegar eg fyrst fór á langskipi frá hús um snjólagðu fjöllum í Krítey, var mér leidd að hafa ofan á mér yfirhafale og glæsilegar glitabreidur; vil eg því eiga adra eins hvílu, og áður hefi eg átt. Þótt mér ekki hafi orðid mjög svefusamt á náttur; því marga nótt hefi eg legid lélegu rúmi, og vakad til birtingar. Ekki er mér heldur um, að taka fórlaug, og eingin af ambáttum þeim, sem þjóna í húsi þínu, skal snerta fórt mínu, nema hér sé einhvers gömul kona og nákvæm, sem ratad hefir í eins margar raunir, og eg hefi orðid að þola; sé sú til, þá held eg meini henni ekki að koma við sætur mína. Þin vitra Penelopa svaradi honum: Kæri gestur! eg má kalla þig svo, þar sem einginn gestur hefir enn komid í hús mitt frá útlandum jafnvitsur, að mér hafi karari verið, en þú; því þú talar allt af miklum vitsmunum, og þó mjög orðfærlega. Hér er hjá mér gömul kona nokkur, sem hefir mörg vituðleg ráð í brjósti sér; hún tók við vesælings mannum mínum, undir eins og hann var sæddur, og uppól hann og fósturadi með mikilli vikt. Hún skal þvo sætur þína, þó hún sé næsta hrum orðin. Stattu nú upp, vitra Euryklea, og laugadu þenna mann, hann er jafnaldrí húsbónda þíns, og vera má, að Odysseifur hafi nú eins ellilegar hendur og sætur, því fljótt eldast daublegir menn í mótgáningum. Evo mætti hún, en gamla konan héldi höndum fyrir andlit sér, úthelti heitum tárnum, og tók til orða harmandi: æ, mig tekur sárt til þín,

sonur sáall! Sannarlega hefir Seisfur lagt hatur á þig um fram aðra menn, og ertu þó gudhræddur maður; því eun hefir einginn dandlegur maður brendi svo mörk feit læri til fórnar hinum þramuglaða Seisi, og einginn fórnfært honum svo margar úrvaldar hundradsfórnlr, sem þú hefir gert, þá þú hefir bedid, að þér mætti andnast að ús hranstri elli og koma upp þínnu efnalega syni; og þó hefir Seisfur látid þig einan heimkomu missa með öllu! — Vera kann, að einhverjar þernur ófunnugra manna lángt títi í löndum, þar sem Odysseisfur hefir leltad gistingar í ágætri höll einhvers manns, hafi dregid spótt að honum, eins og þessar hinar ósvísku amabáttir, sem hér eru, gera gys að þér; þess vegna viltu ekki heldur láta gera þér fórlaug, að þú vilt komast hjá móðgun þeirra og margfeldu spotti, og því hefir sú vitra Penelopa Þaríusdóttir sagt mér að gera það, og em eg þess allfús. Nú mun eg þvo fatur þína, bæði fyrir sakir Penelopu, svo og sjálfs þíns vegna, því mér gánga til hjarta raunir þínar. En taktu nú eptir því, sem eg segi: margir raunamæddir gestir hafa hingað komid, og þó má eg segja, að eg hafi eun auugvan séð jafulíkan 'Odysseisi, sem þig, hvorki í vexti, né málferi eda gaungulagi. — Hinu ráðagóði Odysseisfur svaradi henni og sagði: Gamla kona, svo segja þeir menn, er okkur hafa séð báða, að við séum mjög líkir, eins og þú sjálf hefir eptir tekid og sagt. Evi mælti hann, en hin gamla kona tók sagrann eirpott, sem hún var von að hafa til fórlaugar, heit þar í köldu vatni, sem þessa þókti, og jóð síðan heitu þar saman við. Odysseisfur settist nú við eldstóna, en snéri sér skjótt undan birtunni, því honum slaug þegar í hug, að þá hún færi höndum um sig, mundi hún verda vor við

örð, og mundi allt upp komast. Síðan gekk hún til, og tók til að langa húsbónda sinn, varð hún brátt vör við örð. Það er hafði Odysseifur fengið af þeim aðburð, að gætur nokkur hafði loftið hann með hvítri tønn sumi, þá hann eitt sinn fór til Parnasus til Nektolyfus mórurpóður síns og sona hans.

Nektolyfus var allra manna slæggvitrastur og viðsjálfastur í eignum; hafði gudið Hermes sjálfur veitt honum það lén, því Nektolyfus hafði optlega selt honum þægilegar brennivörðir, bæði sandalari og hafsralari og því veitti Hermes honum fulltýngi sitt mislunsamlega. Eitt sinn kom Nektolyfus til hins frjófsama Ítöku-lands, og hitti svo á, að þar var þá nýfæddur dóttursonur hans; og um kvöldið, er hann hafði matazt, setti Euryklea sveininn á kné honum, tók til orða og sagði: hugsa nú upp eitthvört nafn, Nektolyfus, handa þínum færa dótturþni, sem þú óskadir svo þráfaldr, að þér mætti auðit verða. Nektolyfus svaraði henni og sagði: mágur minn og dóttir mín, gefið sveininum það nafn, sem nú mun eg ákveða: með því eg hínjast til hefi verið óvinsæll af mörgum manni, karli sem konu; á hinni gagnaudugu jörð, þá skal hann hafa það kenningarnafn, að hann skal heita Odysseifur. En þegar hann er orðinn frumvaxta, og komi hann í höll móður sinnar á Parnasus, þar sem fjármunir mínir eru, þá skal eg gefa honum nokkud af þeim, og láta hann sagnanda frá mér fara. Nú tókst Odysseifur ferð á hendur þáangad í því skyni, að þiggja þær hin: ar sögru gjafir. Nektolyfus og synir hans sögndu Odysseifi með handabandi og blidum orðum, en Amfitea, móðurmóðir Odysseifs, umfadmáði hann, og kysti höfud hans og bæði hans sögru augu. Þá bad

Nvtołykus sýni sína að efna til dagverðar; gerðu þeir, sem hann band, leiddu þegar inn 5 vetra gamlan ura í höllina, slógu hann og gerðu til, limudu hann allan í sundur, breiðdu sí an limina laglega, og stingu stykkjunum upp á teina, og steiktu þau gætilega, og deildu síðan hvorjum sinni flæmi. Þannig sátu þeir að veizlu allan daginn til sólarlags, og stórti ekkert, það er heyrði til jafuðildum máttidum. En er sól var runnin og rökva rök, gengu þeir til hvílu og tóku á sig náðir. En er sú árborna, rósingraba Morgungþja kom í ljós, fóru þeir á dhraveidar, sýnir Nvtołykuss, og höfðu með sér veidihunda. Hinn ágæti Odysseifur var þar í för með þeim. Þeir gengu upp á Parnasus, það var hátt fjall og allt flógi varid, og komu þeir brátt upp á þá vedurnæmu hálsa. Selius var nýkominn upp af hinum lögna og djúpa Jardarstraumi, og staut geisslum á afurlöndin; þá komu veidimennirnir upp í fjalldal nokkurn, runnu veidihundarnir undan þeim og rökta sporin, en Nvtołykussýnir gengu þar á eptir, og hinn ágæti Odysseifur með þeim, hann var næstur hundunum og hafði langt spjót í hendi sér. Þar lá stór góltur í einum þykkuum flögarrunni; sá runnur var svo þéttur, að hvorki gátu hvaseir þeyvlnðar bláfid í gegnum honn, né hinn lýsandi Selius stotid þángad geisslum sínum, eða regnid þreyngt sér þar í gegnum; þar var allmikil lauffall í runninum. Gólturinn heyrði fótadun manna og hundanna, þegar þeir komu að honum, reis hann þá upp orðugur úr bæli sínu, þeypti hátt bustina, og var sem eldur brenni úr augum hans, gekk hann fram þángad, sem veidimennirnir voru. Odysseifur hljóp þá fyrstur til, og hafði á lepti lángstept spjót, sem hann héld á, og

ætladi að leggja á geltinum, en galti varð viðbragðs
 stjótari, og laust hann, og kom höggid á fyrir ofan knéð;
 hafði gælturinn stjótzt að honum á svig, og sótt taun-
 skastliinn djúpt og reis með sér miltid af holdinu, en nam
 þó ekki við beini. Odysseifur lagði spjótian á geltin-
 um, og kom í hægra bóginn, og gekk spjótsoðdurinn út
 annars vegar, féll galti þá grenjandi til jarðar, og lézt
 þar. Ntolyfús synir siðsfudu að geltinum, og bundu
 vandlega sár hins ágöta, godumlíka Odysseifs, stíltu
 þeir svo blóðrásina, að þeir kváðu galdra yfir, og fóru
 að því búnu heim aftur til hallar fædur síns. En er
 Ntolyfús og synir hans höfðu grædt Odysseif að
 fullu, og gefid honum sagnar gjafir, létu þeir hann
 glady gladdan frá sér fara til Tröku, hvar hann átti
 heima. Töfu foreldrar hans honum feginnsamlega, þá
 hann kom heim aftur úr ferðinni, og spurðu hann tíð-
 unda, og um sár þad, er hann hafði fengið; en hann
 sagði þeim allt, sem farid hafði, að gæltur nokkur
 hafði loftid hann með hvítu tænni sinni, þá hann
 fór á dýraveidar upp á Parnasus með Ntolyfús-
 sonum.

Hin gamla kona greip um stíð, þegar hún lagði
 lófana utan að sætinum, og kannadist hún undir eins við
 þad, og hún þreifði á því. Hún slepti þá sætinum
 niður, féll fóturinn ofan í pottinn, svo að fallið við,
 en potturinn valt um á hliðina, og vatnið heltist á gólf-
 id. Kerlingin varð undir eins glæð og hrygg, augu
 hennar fyltust tára, og hún gat aungvu orði upp komid.
 Hún tók á finu Odysseifs, og mælti: Samarlega
 ertu Odysseifur, sonur sæll! og þekti eg ekki fyrir, að
 þú varst húsbóndi minn, en eg hafði þreifð um þig
 allan. Þá hún hafði sagt þetta, rendi hún augnum

til Penelopu, og ætlaði að gera hana vara við, að maður hennar væri þar innan hallar; en Penelopa átti eingan fest á, að líta við henni aptur, eða verða nokkurs vör, því Atena hafði snúld huga hennar annað. En Odysseifur þreif til hægri, hendi sinni, og tók fyrir háls kerlingu, en dró hana að sér með hinni, og sagði: Hví viltu steypa mér í ógæfu, fóstura mín! Þú sem hefir sjálf nært mig á brjósti þínum. Eg er nú heim kominn til míns fædurlands á tuttugasta ári, og hefi í margar raunir ratad. En fyrst þú varðst mín vör, og einhverr gudanna skaut þér því í brjóst, þá þegi þú, svo einginn annar fái þetta að vita innan hallar. Því það skal eg segja þér fyrir satt, og það skal framgengt verða, að ef gud látur þá gæfugu bíðla falla fyrir minni hendi, þá mun eg ekki þyrma þér, þó þú sért fóstura mín, þegar eg fer að drepa hinar ámbáttirnar í höllinni. Hin vitra Euryklea svaradi honum: Enn að slíkt flúi þér af vörum líða, barn mitt! Þú veizt, hvað eg er gedföst og óhvíklynd. Eg skal ekki láta á neinu bera, heldur enn eg væri jafdfastur steinn eða járn. En eitt ætla eg að segja þér, sem þú skalt taka eptir. Gæti svo, að Gud láti þá gæfugu bíðla falla fyrir þinni hendi, þá skal eg telja upp fyrir þér ámbáttirnar í höllinni, bæði þær sem óvirða þig og eins hinar, sem ekki eru þar í sefar. Hin ráðagóði Odysseifur svaradi henni og sagði: Hví viltu ljá þeim fyrir mér, fóstura? Þess gerist eingin þörf. Eg mun sjálfur geta kunnad þær grandt, og komist að rann um, hvorsu hvör þeirra er. Láttu heldur hljóðt yfir þessu, og sel gundunum á vald, hvorsu af skipast. Evi mælti hann, en hin gamla kona gekk út úr stofnunni, til að sækja fótlaugarvatn; því allt það vatn, sem hún áður

kom með, hafði steypzt niður. En er hún hafði langað
 hann, og smurt með vidsmjó:svídar feiti, þá færði
 Odysseifur stól sinn aptur nær eldinum til að verma
 sig, og breiddi tætrauna yfir orid. Hín vitra Penelopa tók
 þá svo til máls að fyrri bragði: Nú mun eg skamina
 stund hér eptir ega tal við þig, gestur, því sennu er mál
 að ganga til hvílu fyrir hvænn þann, sem húzarángurs
 vegna má værdar njóta. En um mig er mjög æðru
 mátt að gegna: einhver gud hefir lagt á mig ómælilega
 sorg; á daginn hefi eg það að sönnu mér til afþreys-
 ingar í grátinum og harminum, að flóða hannorðir mín-
 ar og þjónustumeyanna í heiðbergi mínu: en þegar nóttin
 kemur, eg allir eru í hvílu gengnir, þá ligg eg í rekkju
 minni harmefull, og hladað þá sárat sargir alla vega
 utan um hjarta mitt og ýfa það. Eins og hín bleika
 saunglóa, dóttir Pandarusa, sýngur fagnuð fyrst á
 vorin, þar sem situr í þéttu lausi trjána, og breytir á
 ymsa vega sinni marghljóðudu rödd, harmandi Trýlús,
 áttæran son sinn og Ætus konungs, þann er hún eitt
 sinn vó með vopni ófyrirfynja: eins leifur hugur minn
 á tveim áttum um það, hvort eg, af virðingu fyrir
 sæng bónda míns og fyrir orðrómis sakir alþýðu, elgi
 að vera fyrr hjá syni mínum, og hafa stöðugt gát á
 öllu, eigum mínum, þernunum og minni hárcístu höll,
 eða elgi eg nú að ganga að eiga þann af Akkeím, sem
 gæfgastur er, og mín bíður hér í höllinni, og lætur
 flestar brúðargáfur af hendi rakna. Meðan sonur minn
 var barn að aldri og fyrirþaggjulaus, mátti eg ekki flíja
 við hús bónda míns og giptast æðrum; en nú, þegar
 hann er varinn madur og kominn á besta æðsufleidd, þá
 mælist hann til, að eg fari heim aptur og burt úr
 höllinni, því hann minir því illa, að Akkear eti upp eig-

ur haug. Heyrdu, hvað mig hefir dremt, og ráð þú drauminn: eg á hér 20 gæsir í hólfinni, þær eru því vanar, að eta hveitiforn upp úr vatni, og hefi eg opt gaman af að horfa á þær. Nú þótti mér stór, flóð bjúg oru koma af fjalli ofan, hún braut þær allar á háls og gekk af heim dandum, lágu þær hvör um aðra þvera hér í hólfinni, en oruin slaug upp í háfa lept. Eg þóktist hljóða og bera mig aumlega í svefninum, en hinar sagurlokkudu komur Alfea flýktust utan um mig, þar sem eg var að sveina hörmulega yfir því, að oruin stóldi hafa drepid fyrir mér gæsirnar. Þá kom oruin aftur, og settist á þeljubrunina, taladi til mín mannsröðdu, og tók til að hugga mig: Vertu hughraust, dóttir hlus viðfræga Þarínsa, sagði hún; ekki er þetta draumur, heldur heillavænleg vækússón, og mun hún á þér rætast: gæsirnar eru bíðlarnir; eg, sem þér þótti áður vera oru, eg er bóudí þinn, og nú aftur heim kominn, og mun veita öllum bíðlunum illau dauðdaga. Þetta kvad oruin, en eg vaknadi af hinum sæta svefni, litadist um, og sá, að gæsirnar voru í hólfinni, stóðu við trogid, og átu hveitifornin, eins og vant var. Þinn ráðagóði Odysseifur svaradi henni og sagði: Ekki tjáir að þýða þenna draum á annan veg, en efni liggur til, fyrst Odysseifur sjálfur hefir birt þér, hvortu fara mun; er það nú ljóst, að öllum bíðlunum er bani búinn, og mun einginn þeirra undan stýra felgd og fjörtjóni. Þin vitra Penelopa svaradi honum: Gestur, opt verda draumar ómerkilegir og elnær lofsleysa, og eigi gengur það allt eptir, er fyrir mann ber. Því tveun eru hlid hinna svipulu drauma, önnur hlidin eru af horni gjörð, en hin af fílsbeini; þeir draumar, er út koma um hid fágada fílsbeinu, það eru tálbrauma.

ar og marklessu draumar; en þeir draumar, er út koma um hornh'íðin, eru sannir draumar, og þegar munu fá slíka drauna, þá rætast þeir. Nú hygg eg, að þessi hinn vodafonegi draumur, sem mig dreyndi, muni eigi um þetta hlid komid hafa, og hestil þad þó verid óstandi, mín vegna og sonar míns. En eitt ætla eg að segja þér, sem þú skalt taka eptir. Nú, fer í hönd sá óhamingjudagur, sem hrekur mig úr hús Odysseifs, því nú ætla eg að efna til araleiks. Odysseifur var því vanner, að setja upp í ród ekki færri en 12 arir í höll sinni, til að mynda og skiparengur; síðan nam hann stadar lánan svol frá, og skaut svo or í gegnum. Þessa þrant vil eg nú leggja fyrir bidlana. Heim, sem hægast veitir að draga upp bogann með handastli, og stýtur oru í gegnum allar 12 arirnar, honum skal eg fylgja til eiginorðs, og yfirgefa þetta sagra og gagn: anduga hús bónda míns, sem eg hugsa að mér muni verda minnstæðt á síðan, og jafnvel dreyma til þess á næturnar. Hinn rádagóði Odysseifur svaradi heani og sagdi: Þú heldvirða kona Odysseifs Laertessonar! fresta því eigi, að efna til þessa leiks í höllinni, því fyrir mun hinn rádagóði Odysseifur koma hingat á fund þinn, en menn þessir fá með handastjórn dreg: id upp streng þessa hins fágada boga, og stotid or í gegnum ararangum. Hin vltra Penelopa svaradi honum: Ef þú vildir, gestur, sitja hjá mér hér í höllinni og stemta mér, þá mundi mér ekki síga svefn á angu. En þad má með angvu móti vera, að maðurinn sé ávallt svefnlaus, því hinir ódandlegu gudir hafa á skipað hvörjum dandlegum manni sitt hlutfall. Eg vil því ganga upp á lopt, og leggjast í rekkju mína, sem er þegjandi vottur til minna andvarpa, og hvað eptir ann:

ad hefir vofuad af tárur minum, síðan ad Odysseifur fór úr landi til ad vitja hvarnar óhamíngjufamlegu Ílusborgar, sem eg aldrei má nefna. Þar mun eg hvíla, en þú leggst niður hér í hollinni, og annaðhvort bíu um þig á gólfum, eða ligg í því rúmi, sem upp er bíuid handa þér. Ad því mæltu gekk hún upp á hinn glæsilega loptsal; ekki fór hún þágangd einumul, heldur fylgdu henni nokkurar þjónustumeðar. Og sem hún var upp kominn á loptid með þjónustumeðum sínum, þá tók hún til ad gráta Odysseif, sinn ástæðarann mann, uns hin bláeyga Átena lét sætan svefna síga á augu hennar.

Odysseifs drápa.

Tuttugasta bók.

Suntak: Odysseifur liggur vakandi um nóttina, þar til Átena svæfir hann; hann vaknar vid harmatölur konu sinnar, og fær heillavænlega fyrirburdi. Næsta dag er tunglkomuhátid, og er þá blúzt um í hollinni. Sjardmennirnir koma með blótsfé til hátidarinnar; Odysseifur reynir hug Síletíusar. Bidlarnir ráða Telemakkusi bana, en aptrast frá því, setjast ad veizlu: Odysseifur er lostinn með hnútu, og spámadurinn Teóklýmennus burtrekin. Morgu bregdur nú kynlega fyrir bidlana ad veizlunni, og er sem þeir féu bráðfegir og heillum horfnir.

Stinn ágæti Odysseifur bjó um sig í framhúsinu, hann breiddi undir sig óelta nautehúð, og þar ofan á mörg gærufinn af saudum þeim, sem Alfear slátrudu þar með-degi hvörjum. Þegar hann var lagstur fyrir, breiddi Þorýnonia yfirhofsú ofan á hann; lá Odysseifur þar vakandi, og var hngsandi um það, hversu hann mætti vinna bidlinum eitthvört mein. Ambáttir þær, sem voru því vanar laungum og laungum, að hafa mál við bidlana, gengu nú út úr hollinni, þær slísudu hvor framan í adra og voru hinar fátustu. Þá varð hjarta Odysseifs uppvægt í brjósti hans, velti hann því fyrir sér í hnga sínum á margar lundir, hvört hann slyði heldur hlaupa á fatur og drepa þær allar hvö-ja með annari, eða slyði hann einu leyfa þeim að leifa lyft sína við þá yfirgángsömu bidla í hinnsta og síðasta sinni. Hjarta hans gnótradi í honum innanbrjósts, eins og greyhundur, sem hvarflar í kringum nýgotna hvolpa sína, og urrear að ófunnugum manni, og býst til að hlaupa í hann; eins gnótradi hjarta Odysseifs innanbrjósts af gremju yfir þessu hinu illa athæfi. Hann sló þá á brjóst sér, og hughreifti sitt hjarta: vertu þolinmóð, hjarta mitt, þú hefir eitt sinn fyrir þolad enn frekari skapraun, en þessa, þann dag er hlun ó- hemjulegi Rýflópur át fyrtr mér mína vöstu félaga; samt þreydir þú, þar til eg með ráðkænslu minni kom þér út úr hellinum, jafnvel þó þér þækti óshnt, hvört þú mundir fá lífi haldid. Með þessum ordum ávarp; adt hann hjartad í brjósti sér, og héldi hjarta hans sér þá stodugt í sfordum með miklu þolgæði, en sjálfur velt; ist hann á ymsar hlidar, líft og þá maður steiktr blóð; mæsidur yfir eldi brennuanda, og snýr því á ymsar hlida ar, og lánkar mjög eptir, að það stikni sem fyrst. Eins

veltist hann á húsar hlíðar, þá hann var að hugsa um, hværfa hann mætti leggja hendur á þá ósvífinu bidla, þar sem hann var einn, en þeir margir. Þá kom Altena til hans í konulífi, stígtu af himni ofan; hún gekk að hofdalagi hans, og taladi til hans þessum orðum: Hvi heidur þú svo völu fyrir þér, þú ógæfur samasti allra manna? Hér er heimili þitt, hér er kona þín í hollinni, og hér áttu þann son, er margur mætur mundi. Óska sér að eiga slíkan. Þinn ráðagóði Odysseifur svaradi heunt og sagði: Allt er þetta satt að vísu, gyðja, sem nú segir þú. En eitt er það, sem mér er hugstædt, sem er það, hværfa eg fái lagt hendur á þá hina ósvífinu bidla, þar sem eg þó er einn míns líds, en þeir ávallt fjölmennir innan hallar. Enn er og annað, sem eg er enn meir hugfandi um; það er það, hvört eg skal hælís leita, ef eg fæ banad þeim með fulltíngi Seifs og tilbeina þínum. Vil eg biðja þig að hugleida þetta. Þín bláeyga gyðja Altena svaradi honum og sagði: Heyr þú, ofurhugiinn þinn! sérhvört madur leitar trausts hjá vin sínum, þó minna máttar sé en eg, og þótt hann sé daudlegur madur og ekki jafnt við ráðkænsku brúðinn. Eg þar á móti er gyðja, og hefi ávallt varðveitt þig í öllum þínum þrautum. Það skal eg segja þér skýlaust, að þó að 50 flokki ar mælandi manna umkringdi okkur bæði og vildi drepa okkur í orustu, þá skyldir þú þó fá tekið naut þeirra og sauðfénað að hersangi, og haft á burt með þér. Eigri nú svefn þig! Það er mikil raun, að hafa andvækur alla nóttina í gegnum; en bráðum munu leysast úr vandræðum þínum. Að því mæltu lét hún svefn síga á augnasbrár hans, en sú ágæta gyðja fór aftur til Olymps, þegar er svefninn tók til að renna í brjóst honum, sá

svefni, sem eyðir áhyggjum hugarins og gjörir líðni manns
 lélmagna. Þá vaknati hans tryggva kona, settist upp í
 hjamt mjúku sæng, og grét. En er hún hafði svalað
 hjarta sínu á grátinum, bad hún ágæta kona fyrst til Ar-
 temisfar: Artemis, þú hin virðinglega gyðja, dóttir
 Seifs! Eg vildi óska, að þú hleyptrir nú þegar örn í
 brjóst mér, og tættir mig af lífi samfundis! eda þá, að
 stormbílur hrifi mig í loft upp, og seykt mér um dymma
 vegu, og fleygdi mér út í forvada hins fríngrennanda
 Jardarstraums, eins og vindbílslentir gerðu, þegar þeir
 svöptu burt Pandarus-dætrum. Gudinnir höfðu af
 lífi telid foreldra þeirra, svo þær voru einar eptir heima
 munadarlausar; en hin ágæta gyðja Afrodita sæddi þær
 á osti, sætn hunangi og ljúffengu víni: Zera veitti þeim
 vænleik og vitsmuni um frám allar konur adrar, hún
 hreintísa Artemis gaf þeim háfan vort, en Atena
 kendi þeim að vinna ágætir hagnýttir. Eitt sinn var
 hin ágæta gyðja Afrodita gengin upp til hins háfa
 Olympos til hins þrumuglada Seifs, ætlaði hún að biðja
 hann að veita þeim systur sagnadarsæla giptingu, því
 hann veit allt hvað dandlegum mönnum er ætlað, bæði
 meðlæti og mótlæti; en á meðan hrífi Svíptinornirnar
 megarar í burtu, og víftuðn þær hjá enum hræðilegu
 Hefndarnorum. Eins vildi eg óska, að gudirnir, sem á
 Olympi búa, léti mig hverfa í burtu skyndilega, eda
 að hin fagurlofkada Artemis banadi mér með örvum sínu;
 um, svo eg kæmist niður í þá óttalegu jörð með Odysseis
 í huga mínum, og svo eingum manni, sem minni
 væri fyrir sér en hann, yrði unadgöt að ráðahag við
 mig. Þó nadur gráti um daga, eg sé mjög harmefullur
 ur í hjarta. Þá gétur samt mótlætis orðis bærilegt, ef
 manni verður svefusamt á nóttum; því þegar svefninn

nær að breiða sig yfir brárnar, þá lætur hann manninn
 öllu gleyma, bæði hinu góða, og eins því sem misjafur
 er. En um mig er mjög öðru máli að gegna, þar sem
 einhverr guð sendir mér í svefni óttalega drauma, og
 nú í nótt var hann í rúminu hjá mér, í lífi mannsins
 míns, og eins og hann var í hátt, þegar hann fór í leids-
 ángurinn, og varð hjarta mitt segid í svefninum, því eg
 hugsadi, að þetta bæri ekki fyrir mig í draumi, heldur í
 vöku. Övo mælti hún, og brátt þar eptir tók til að
 lýsa af degi. Hinn ágæti Odysseifur heyrði kveins-
 staði hennar, varð hann þá mjög áhyggjufullur, því
 honum virðist í huganum, sem kona sín bæri þegar kensl
 á sig, og stæði við höfðalag sitt. Hann vöðlaði saman
 yfirhöfðinu og gærufötinum, sem hann lá á, og lagði
 þau á stól í húsinu, en bar nautshúðina út, og lét hana
 þar. Síðan fórnadi hann upp höndum, og bad til Seifs:
 Þadur Seifur, fyrst þér gudirur hafid mislausnlega
 leidd mig yfir lág og lög heim í land mitt, eptir að þér
 hafid látið mig sæta stórum hrakningum, þá bið eg, að
 einhverr þeirra manna, sem hér eru inni vakandi, mæli
 mér einhverja orðheill, og Seifur láti einhvern fyrir
 boda birtast mér úti. Þannig badst hann fyrir, en hinn
 ráðvís Seifur heyrði barn hans, og lét á samri stundu
 þrumu koma af hinum bjarta Olymp hátt ofan frá
 stínum; varð hinn ágæti Odysseifur seginn þeirri
 jarðeign. Þá varð konu nokkurri orðheill á munni;
 hún var að mala í næsta húsi. Þar sem stóðu kvarnir
 þær, er hann átti, þjóðhöfðinginn. Á þeim kvörnum
 mólu 12 konur byggkorn og hveitikorn til mannfæðis;
 höfdu þinar konurnar þá malad sitt hveiti, en ein kona
 hafði enn ekki lofið við sitt verk, því hún var kraptar-
 minni en hinar. Hún lét nú standa kvernina, og mælti

Það ord, er komingurinn tók mark á: Þadír Seisfur, sagði hún, þú sem rædur yfir mönnum og gúðum, mikla þrumu hefir þú sendt af hinum styrnda himni, og sér þó hværgi flý á lopti; ætlaþ þú víft að gefa einhvorum manni vígbendingu með þessari jarteífn. Velt einnig mér vesælli, það sem eg nú mælist til. Eg óska, að bidlarnir matist þenna dag í síðasta sinni í húsum Odysseífs; þeir hafa gert kné mín máttvana með óþoli audi erfíði, að mala fyrir þá byggíð. Eg vílði, að þetta væri í síðasta sinn, sem þeir sátu að veizlu. Eru mælti hún, en hinn ágati Odysseífur varð gláður víð þessa orðheíll, og víð þá þrumu, sem frá Seífi kom; því nú vonaði hann að geta hefut sín á ójafnadarmonnum.

Nú söfnudust ambáttirnar í þeim sögru húsum Odysseífs, og sveíftu gláðílegan eld á eldstónni. Þá reís og Telemakkus úr rekkju, hinn goðumlíkí maður, og fór í fláði sín, hann lagði biturlegt sverð um herðar sér, og batt sagra íllfó unbír fátur sér, tók síðan í hönd sér sterkt spíðt með hvössum eíróbbi, gefk inn yfir þröstuldbínn, nam þar stáðar, og sagði víð Þoryflea: Þóstra góð, hafíð þíð veítt gestínum samílegt hvíllu: rúm, og gefíð honum mat? eða líggur hann einhvörstáðar, um hírdíngarlaus? Því þó móðír mín sé vítur kona, þá verða henni þó stundum svo míslagðar hendur, að hún hefir þann í hávegum, sem ekkert er að manni, en víðar aptur vænum manni burt, án þess að sýua honum nokkurn sóma. Hín vítra Þoryflea svaraði honum: Ekki þarstu, barn mítt, að áfella móður þína, saklaus er hún af þessu. Því hann sat, og drákk víníb, eíns lengt og hann vílði; hún baud honum lífa meír að borða, en hann kváðst vera mettur. En þegar hann vílði gánga

til hvílu og fara að sofa, þá band hún ambáttunum að búa upp rúm handa honum; en hann, eins og einhverrt mestri raunamaður og andnuleysingi, kvadst ekki vilja sofa í rúmi með sagnræklæðum í, heldur svaf hann úti í forstofunni á óeltri nautshúð og sandagætum, en við breiddum yfirhöfn yfir hann. Evo mátti hún, en Telemaffus gekk út úr hollinni, og hafði spjót sitt í hendi sér, og fylgdu honum fótfeðir hundar; hann gekk út á torg til hinna harðbrynjuðu Afkea. En hin ágæta kona Eorýklea, dóttir Oys Pisenorassonar, kalladi til ambáttanna: Komid nú skjótt! stöfkvi sumar vatni á gölfid, sópi höllina og breiðt purpuradúfa á hina fallegu hástóla, og verid nú skjótar! Adrar strjúki bordin með njardarvættum alla vega í kring, og geri hrein skapkerin og hina fægru tvíhvölsfudu bikara. Enn adrar flulu fara til lindarinnar eptir vatni, og koma skjótt með það. Því ekki mun á laungu lida, áður bíðlarnir koma til hallarinnar; munu þeir koma mjög órla í dag, því í dag er almenn hátid haldin. Evo mátti hún, en þar hlýddu henni, og gerdu sem hún band: fóru 20 þerur til hinu ræru vatnslindar, en hinar sunnudust það sem gera þurfti inni í herbergjunum, og fórst þeim það kunnáttulega. Því næst komu inn þjónustuveinar Afkea, og flusu eldividinn, var það atidséd, að þeir voru því verkfari vanir. Þá komu ambáttirnar frá vatnsbólinu; og brátt á eptir þeim kom svínahirdirinn, hann hafði með að fara þrjú alifvín, sem best voru af öllum svínunum, lét hann þau inn í falleg gerdi, þar sem þau gátu fengid sér fódur, gekk síðan til Odysseifs, og taliði blíðlega til hans þessam ordum: Sjúga Afkear þér nokkud meiri söma, gestur, en áður, eða óvirda þeir þig í hollinni enn sem fyrr? Hinn ráðagóði Odysseifur

svaradi honum og sagði: Eg vildi óska, Eumæus, að gúðirnir hefðu þeirrar svívirðingar, sem þessir ofskopasmenn hafa í frammi með svo mikilli frekju í annars manns húsi; er nú svo komið, að þeir svífast einfis. Þannig töludust þeir við um þetta.

Þá bar að geitahirðirinn Melantius, hann hafði með sér geitur þær, sem seitaftar voru í öllum geithjörðum, áttu þær að vera til bordhalds hauda bidlunum; með honum fylgdust tveir smalamenn. Hann batt geiturnar í þeim ómánda stólpagangi, síðan taladi hann þessum smánarordum til Odysseifs: atlarðu enn þá, gestur, að vera að bjóða þér matar hjá mönnum hér í helli inni, svo einginn hafi frið fyrir þér? atlarðu ekki að snáfa á dyr? Eg sé það, að við stíljum ekki til fulls hédan af, fyrir enn við reynum með okkur. Það er ekki eins og við séum þeir einu af Afkeum, sem höldum veizlur. Svo mælti hann, en hinn ráðagóði Odysseifsur, svaradi honum aungva, hann stóð höfudid, en mælti ekki, því hann hngsadi honum illt niðri. Næst eytir þá kom þridji hirðirinn, það var hinn fyrimaunlegi Filetius, hann færði bidlunum gelða kú og seitar geitur: höfðu ferjumenn flutt þá yfir sundid, þeir ed vanir eru að veita flutning hvörjum manni, sem til þeirra kemur. Hann batt féð trúlega í þeim ómánda stólpagangi, gekk svo til svínahirðisins, og spurði hann: Svínahirðir, hværr er þessi ókunni maður, sem hér er nýkominn í hús vort? hværra manna segist hann vera? hvar er ætterni hans og fædurland? Hinn ógæfufami maður! sannarlega er hann því líkur á vort, sem hann væri einhværr konungur. Von er, þó gúðirnir láti við, sérula ferðamenn rata í ymisleg báginði, þegar þeir

einnig úthluta konungmönnum sinn mótsætis flamt. Ald því mæltu gekk hann til Odysseifs, rétti honum hönd sína, taladi til hans fljótum ordum og sagði: Sæll vertu, gestur góður! eg óska, að þú hljótir hamingju síðar meir, þó þú eigir nú við bágan kost að búa. Þadur Seisfur, einginn gudanna er jafnmeinsamlegur, sem þú! Þú hlífist eigi við að steypa þelm mönnum, sem þú hefir sjálfur alld, í volæði og hörmurleg bágiudi. Eg svitnadi, þegar eg sá þig, og mér vöknadi um augu, því þá datt mér Odysseisfur í hug. Eg bjóst við því, að hann ráfi nú eins manna á meðal, í lífum tötum og þú, ef hann annars er enn á lífi, og sér ljós sólarinnar. En sé hann dáinn og kominn til Gadesar heimkynna, þá hefir hinn ágæti Odysseisfur illu heilli sett mig, meðan eg ein var úngur sveinn, yfir nautahjarðir sínar í landi Refallena. Þær eru nú ódum að fjölga, svo færdu gegnir, og varla trúi eg, að kyn hinna ennisbreidu nauta ærlist svo drjúgum hjá nokkrum manni út í frá. En nú eru aðrir menn, sem bjóða mér að flytja til sín nautin til borbhalds handa sjálfum þeim: Steyta þessir menn því ekki, þó sonur hans sé innan hallar, og óttast heldur ekki hegningu gudanna, því nú er svo komid, að þeir ætla sér að stipta milli sín eigum konungsins, þar ed hann hefir svo lengi á burtu verid. Nú er eitt, sem hugur minn er að velta fyrir sér innanbrjósts á margar lundir: mér þykir að sonnu illt, meðan sonur hans lifir, að leggja af stad með nautin, og fara í annad bygðarlag til titlendra manna; aptur finnst mér hitt ein verra, að vera hér fyrir og sitja yfir aunnara manna nautum við slíkar raunnir. Og fyrir laungu væri eg úr landi farinn og kominn til einhvors annars völdugs

konungs, þar ed eg get ekki unad lengur vid svobúid, ef eg væri ekki enn þá ad vona eptir, ad minn ógæfur sami húsbóndi kunnir ad koma einhverfadar ad, og skokva burtu bidlunum úr höllinni. Þinn ráðagóði Odysseifur svaradi honum og sagdi: svo lízt mér á þig, nautahirðir, sem þú munir hvorki vera vondur maður, né ógreindur: sé eg sjálfur, ad þú munir hafa vitðmuni ad geyma. Þar fyrir vil eg seaja þér nokkud, og leggja þar vid dýran eid: Þiti þad Seifur, aðstur guda, viti þad gestabord og eldstalli hins ágæta Odysseifs, sem eg nú er til kominn, ad Odysseifur mun víðulega heim koma, meðan þú ert hér, og muntu sjá mega, med angum þínum sjálfs, ef þú vilt, hvorsu hann mun af lífi taka bidla þessa, sem hér eru nú húsráðendur. Nautahirðirinn svaradi honum: eg vildi óska, gestur, ad þetta rættist, sem þú segir; þá skyldir þú sjá, hvad eg má ætla mér, og hvada frapt eg hefi í lögnum. A sama hátt bad Æomeus til allra gudanna, ad hinum fjölvitra Odysseifi mætti audnast ad koma heim aptur til húss síns. Þannig ræddust þeir vid um þetta.

Bidlarnir höfdu nú þad ráð med höndum, ad veita Telemakki danda og fjörtjón; en þá slaug spáfagl nokkur til vinstri handar þeim, þad var hárfleg og heit ad sjálfandi dúfu í klónum. Þá tók Amfinomus svo til orða og mælti: Ekki munum vér; vinir, fá þessari ætlun fram komid, ad fyrir koma Telemakki; komid, látum oss ganga til bords! Sve mælti Amfinomus, og féllust þeir á þad, sem hann sagdi: gengu þeir þá inn í höll hins ágæta Odysseifs, og lögðu þessir sínar á legubekkina og

háftólana, tóku síðan til að slátra stórum sandum og feitum geitum, þeir slátrudu og alisvínunum og einu úr voldu nanti af hjörðinni. Þegar þeir höfðu steikt slátrid, flómtudu þeir það; sumir blöndudu vín í skapkerinn, en svínahleðirinn bar bikarana í kring; hinn fyrirmannlegi Siletius bar braud til þeirra í fallegum korfum, en Melantius stækkti vínid; tóku þeir nú til þess tilreiðda matar, er á bord var borinn. Telemakkus gerði það af kænslu sinni, að hann valdi Odysseifi sæti inni í hinn gólföstu stofi við stelnþröskuldinn, og setti þar handa honum stól heldur lélegan, og létid bord þar hjá, lagði svo fyrir hann nokkura bita af slátri, stækkti vín á gullbikar, og talaði til hans þessum orðum: Hér skaltu nú sitja, og dreyfa vín, eins og aðrir menn; en eg skal afstýra því, að nokkurr bidlanna móðgi þig í orðum eða leggi til þín; því þetta hús er eingin almanna stofa, heldur hús Odysseifs, sem hann eignaðist sjálfur mér til handa. En þér, bidlar, heptid nú skap yðar, að þér eigi hafið í frammi uein smánaryrði eða ofríki, svo að ekki rísi upp neinar þrætur eða deilur. Evi mælti hann, en þeir bitu allir á varirnar, og furdudu sig á, að Telemakkus skyldi vera svo djárfmahtur. Þá sagði Antínóus Eopitesson til þeirra: Þolum Telemakku, Alkëar, þó hann gerist heldur hardur í orðum, þar sem hann heitist mjög svo við oss, fyrst Seifur Kronusson losaði oss ekki hitt; annars mundum vér fyrir laungu vera þínir að þagga nidri honum, þó hann sé flórindur, þegar hann er að tala. Evi mælti Antínóus, en Telemakkus hirti ekki um, hvað hann sagði. Kallararnir fóru nú um borgina með þá hund; aðá fórn, er gudunum var helgud; og hinir háprúðu

Áttæar sœfnudust saman hjá hinum fluggafulla lundi, er helgabur var hlumum lángsteita Appolloni. Nú sem bidlarnir höfdu fætt þriggjarstykkin og tekið þau af teinu unum, fœmtudu þeir kjórid, og settuð ad dýrdlegri veizlu. Frammisteðumennirnir lögðu fyrir Odysseif deildan verð, jafnmiklun og þeir sjálfir fengu, því svo hafði Telemakkus boðið, sá ástæri sonur hins ágæta Odysseifs. Atena lét hina vöflu bidla enn ekki með öllu hætta móðgandi smáunarorðum við Odysseif Laertesson, til þess honum skyldi verða enn sárara í flapi. Meðal bidlanna var maður nokkurr, ofstapi í flapi, hann hét Ktesippus, og átti heima í Sámsey. Hann var vellaudugur af fé, og gerðist því til ad bidla til konu Odysseifs, þess er lengi hafði á burtu verið. Hann kvad nú svo ad orði við hina yflegangssömu bidla: Skyldid til, þér hinir vöflu bidlar, meðan eg tala fáein orð; gestur þessi hefir nú fengið sinn flamt, jafnt við adra, eins og vera ber: því það er ekki fæmilegt, og ekki heldur réttvíst, ad serja hjá gesti Telemakkusar, sem koma kunnu í þessa höll. Gott og vel! eg skal gefa honum gestgjöf, sem hann getur aptur gefið í þóknun, annaðhvort badkonunni, eða þá einhverjum þræli þeim, sem hér er í höll hins ágæta Odysseifs. Þá hann hafði sagt þetta, tók hann nauts: fót, sem lá í kórsumni, og kastadi af affli. Odysseifur velt höfði sínu lítið eitt til hliðar, glotti við tönn og hló kalda hlátri í hermdarhug, en nautsfóturinn, sem Ktesippus fleggi, lendi í veggnum. Telemakkus átalði þá Ktesippus, og mælti: Sannarlega var það heppni fyrir þig, Ktesippus, ad þú mistir gestsins, þar hann fordadi sér sjálfur við storinu, því annars skyldi eg hafa lagt þig í gegn með mínu oddhvasta

spjóti, og þá hefdi faðir þinn getað haldið hér erfi þitt í stað brúðkaups. Það er því bön mín, að einginn yðar brýddi á ósöfnuði hér á heimili mínu; því nú hefi eg fengið skynbragð og vit á því, sem er gott og ílle, þar sem eg sýr meir var sem barn. Samt sem áður horfi eg með þolinmæði uppá það, sem hér fram fer, að sandunum er slátræð, vinið drukkid, og matnum eyðt: því einginn má við margnum. Gjörid nú svo vel, og hafid ekki lengur í frammi nein vondstuverk í óvinsamlegum hug. En sé það ætlan yðar nú, að bana mér með vopnum, þá er eg sáttur með, að þér gerðud það; því mér þykir miklu betra, að liggja dauður, en að horfa alltaf uppá þann ósöma, að gestir séu hraktir og hrjádir, og ambáttir smánarlega dregnar um hin fallegu herbergi. Evi mælti hann, en þeir urðu allir ordlausir, og þögðu. Uti síðir tók Agelás Damastors-son svo til máls: Enginn má reidast sannmælunum, góðir menn, eða svara þeim illu. Látid nú af að hrekja gest þenna, eða nokkurn af þrælum þeim, sem eru á heimili hins ágæta Odysseifs. En eitt vinsamlegt ráð vil eg gefa Telemakki og móðir hans, ef þeim líkar báðum svo að hafa. Meðan þið hosiðud nokkura von um, að hinn ráðsvinní Odysseifur mundi aptur heim koma, þá var ykkur ekki láanda, þó þið biðud hans, og héliðud biðlunum hér í höllinni; því það hefdi verið snjallræði, ef líkindi væru á, að Odysseifi þæði heim komu auðid, og hann mundi aptur hínagð koma til hallarinnar. En nú er þæru máli að gegna, þar sem


Það er augljóst, að honum verður aldrei frammar heimkomu andid. Þar þú því, og sezt á tal við móður þína, og seg heuni, að hún skuli giptast þeim, sem gæfgastur er, og flestar gjafir lætur af hendi rakna við hana, svo þú sjálfur megir hafa þann sögnud, að setjast að allri sæð; urleifð þínni, og búa að þínu sjálfur, en hún taki við búræðum á annars manns helmili. Hinn greindi Telemakkus svaradi honum og sagði: Nei, Agelás, eg hefi aldrei hamlað giptingu móður minnar, það sver eg við Seif og við allar raunir föður minns, sem nú er liflega annaðhvort dáinn, eða á hrafningi langt í burt frá Ítökum. Eg hefi miklu fremur ráðið henni að giptast þeim manni, sem henni væri að skapl, og þar á osan hefi eg gefið henni stórgjafir til þess. En það get eg ekki fengið af mér, að vera svo ráðrikur, að vísa henni burt af heimillun; Gud forði mér frá því! Svo mælti Telemakkus, en Pallas Athena gerði bidlunum óstjórnlegan hlátur, og truflaði hyggju þeirra: tókn þeir nú til að hlæra einhvörnegið annars lega, þeim sýndist fetid, sem þeir áttu, vera alblóðugt, augu þeirra fylltust tárnum, og huga þeirra tók að óa fyrir einhverri hrellingu. Þá tók hinn godumlíki Teomymenus svö til orða. Besælir menn, hvada óhamingja er það, sem að yður gengur? Hæfud og ássjánt yðar og kné eru myrkri hulin; harmakvein rísa upp, og kinnur yðar vækna af tárnum; veggirnir og þær sögru veggjahvylftir eru blóði drifnar; forstofan og forgarðurinn lír og grúir af vofum, sem fara vilja niður í

dimmuna í Myrkheimi; sólin er af himni horfin, og hræðilegt myrkur á döttid. Svo mælti hann, en þeir hlóu dátt að honum. Þá tók Þorýmákkus Polybusson svo til orða: Þessi gestur, sem hingat er ufi kominn frá útlandum, er ekki með öllu ráði. Það er því best, sveinar, að þér færið hann út úr höllinni, svo hann komist fram á torgid, fyrst honum þykir vera fluggshýnt hér inni. Hinn godunnlíki Teóklýmenus svaradi honum: Eingin þægi er mér í, Þorýmákkus, að þú láttir fylgja mér; eg hefi enn augu mín og eyru og báða fætur mína, og enn er vit mitt óbrjálad. Með þessu ætla eg að bera mig að komast út, því eg sé, að nú fer í hönd sá óhamingju dagur, sem einginn mun sá umflúid eða undanstýrt af yður hidlumum, sem hafid frekjufullt ofríki í frammi við aðra menn í höll hins ágæta Odysseifs. Að því mæltu gekk hann út úr þeim sagursettu herbergjum, og fór heim til Píreusar, sem tók á móti honum fúslega. Vidlarnir litu nú hværr upp á annan, og reyndu til að erta slap Telemaakkusar, með því að spottast að gestum hans; og þá sagdi einhver af þeim ófarhugudu úngmönnum: Einginn maður er ógestfælli en þú, Telemaakkus, þar sem þú hefir dregid að þér slíkan flókkumann, sem sníðir út braud og vín, kann effert verk að vinna, er linur og horkulaus, og ekki nema eintóm byrði fyrir jörðina; og eins var hinn karlinn, þessi sem uppstóð til að spá fyrir of. En viljir þú minna ráðum fram fara, sem þér mun ráðlegast vera, þá munum vér skjóta gestunum í

róðrar ferju, og flytja þá á land í Sikiley, getur þú fengid þar fullt verð fyrir þá. Evo mæltu bidlarnir, en Telemakkus hirðti eigi um, hvað þeir sögdu; hann taladi ekki ord, en hafði augun á sædur sínum, og beid ávallt þeirrar flundar, að hann mætti leggja hendur á þá ósvífnu bidla. Hin vittra Penelopa Þearínsdóttir hafði sett sinn fagra stól andspænis á móti stofudyrnum, og heyrði því, hvað hværr þeirra taladi þar inni. Bidlarnir sátu nú að vísu hlærandi að dagverdinum, því veizlan var hin besta og dýrlegasta, er mjög mörgu hafði slátrad verid: en kvöldverdur getur einginn hvumr leidari verid, eir sá kvöldverdur, er gyðjan og hinu hrausti kappi ætludu bráðum að halda bidlunum, því þeir höfðu fyrri haft ósfnudinn í frammí.

Leidréttingar.

Þrettánda bók, bls. 9. l. 5, þjuggu l. þjuggu; l. 6, útan l. utan; 11. l. 17, stöðum l. stöðvum; 14. l. 25, fé l. fé. Fjórtaða bók, bls. 19. l. 19, hafði l. hafði; 23. l. 19, uppi sæmb l. uppi sæmb; 33. l. 14, svína-
hyrdir l. svínahyrdir; l. 18, Krónus l. Kronus; 34. l. 5, blóðid l. blótid; l. 6, svíns l. svíns; l. 13, eldinn l. eldinn; 36. l. 7, þér l. sér; 38. l. 2, nordanáttinni l. nordanáttinni. Fimmtánda bók, bls. 40. l. 13, bófa-
sterku l. bófasterku; 42. l. 16, hér l. þér; 43. l. 24, minn l. minn; 44. l. 12, Penelopa l. Helena; 45. l. 25, mun l. mun; 46. l. 17, Sýlaakus l. Sýlaakus; 48. l. 21, velfléttu l. velfléttu; 50. l. 14, sæf l. sæf; 51. l. 16, Es l. En; 53. l. 15, dóttur l. dóttir; 55. l. 2, flæm l. flæm. Sextánda bók, bls. 60. l. 29, gjafir l. gjafir; 61. l. 25, beri l. bæri; 62. l. 22, bida l. að bida; 63. l. 10, fœdur l. fœdur; 64. l. 2, fyrir l. fyrir; l. 27, tárin l. tárin; 65. l. 8, fjarfalega l. fjarfalega; 71. l. 32, ord l. ord; 73. l. 6, bláeiga l. bláeyga; l. 32, hvar l. hvar.



Ad aflokinni Embættis = gjörd í kirkjunni, þann 2. Febrúarii 1840, verður af Skólanum Hátíð haldin í minningu Fæðingar = dags vors allra náðugasta Konungs *F r i d r i k s S j o t t a*; biðjum vér því, með þessu Bods = riti, audmjúflega og ástfámlega Skólans Forstjóra, og adra Skóla = vini og velunnara, að þeir vilji ásamt með oss þessa Hátíð halda, *G u d i* og Konúnginum til verdugs lofs og heidurs.

Þessastodum þann 1. Jan. 1840.

